

Reacher toppar  
Harry Potter



Komust óvart  
í tísku



Lífið > 20

Lífið > 22

# FRÉTTABLAÐIÐ

131. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 29. JÚNÍ 2022



Hópur ungerskra ungmenna naut veðurbliðunnar í Elliðaárdal í gærdag með íslenskum vinum sínum. Ungverski hópurinn er hér á landi í vikulöngu Erasmus-verkefni á vegum Árbæjarkirkju. Það voru þau Bryndis Eva og Hólmgeir sem riðu á vaðið og stukku í fossinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Starfsfólki bankanna fækkar hratt

Starfsfólki í viðskiptabönkum þremur hefur fækkað að meðaltali um 36 prósent á einum áratug, en umhverfi fjármálafyrirtækja hefur gjörbreyt á þessum tíma.

ser@frettabladid.is

**ATVINNUMÁL** Starfsfólki í Arion banka, Landsbankanum og Íslandsbanka, þremur stærstu viðskiptabönkum landsins, hefur fækkað um þrettánhundruð frá árinu 2011. Þá er ótalin fækkun starfsmanna í öðrum fjármála-

fyrirtækjum landsmanna sem er allnokkur, og áhrifin af falli sparissjóðanna.

Fáar, ef nokkrar, starfsgreinar hafa horft á eftir jafn mörgu fólki úr faginu á síðustu árum. Í Landsbankanum einum á síðasta ári, fækkaði um hundrað manns.

„Þetta er alþjóðleg þróun, kunninn er farinn að taka við starfi bankafólks í meira mæli,“ segir Ari Skúlason, formaður Sambands starfsmanna í fjármálafyrirtækjum (SSF), en hann hefur horft á þessa þróun um árabíl.

Hana má ekki aðeins rekja til



Ari Skúlason, formaður Sambands starfsmanna í fjármálafyrirtækjum

hagræðingar og tækniframfara, en bankapjónusta fer nú að stærstum hluta fram í heimabönkum og netþjónustu, heldur hefur landslagið í greininni breyst til muna frá því um og upp úr aldamótum.

Svo dæmi sé tekið þá er sparissjóðskerfið horfið.

„Bankarnir yfirtóku sparissjóðskerfið. Þar töpuðu þúsund manns starfinu á þessum tíma og sú tala má ekki gleymast í þessari samantekt,“ segir Ari.

Hann segir miklu færra starfsfólk vera að veita að minnsta kosti sömu þjónustu og áður og að afkoma á hvern starfsmann hafi aukist verulega.

„Starfsfólk er að hlaupa hraðar, miklu hraðar, sem hefur sínar afleiðingar til lengri tíma,“ segir Ari Skúlason, formaður SSF. ■

## Vaxtahækkanir muni hafa tilætluð áhrif

**MARKAÐURINN** Bergþóra Baldursdóttir, hagfræðingur í greiningu Íslandsbanka, segir stýrivaxtahækkanir Seðlabankans muni hafa tilætluð áhrif á verðbólgu og fasteignamarkaðinn. Það sé ljóst að þetta muni bita á lántakendur á fasteignamarkaði og muni hafa áhrif þar fyrir en síðar. Þetta muni einnig hafa áhrif á verðbólguna þar sem húsnæðisliðurinn í vísitölunni hafi mikil áhrif um þessar mundir. **SJÁ SIÐU 8.**

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



NÚ ER TÍMI FYRIR  
SUMMER SALE

## Fjórðungur ekki búinn að taka skotpróf

erlamaria@frettabladid.is

**VEIDI** Alls 260 veiðimenn sem hafa fengið úthlutað leyfi fyrir hreindýraveiðum á komandi veiðitímabili eiga enn eftir að taka skotpróf, en frestur er til og með 30. júní. Þetta kemur fram á vef Umhverfisstofnunar.

Þetta er tæplega fjórðungur allra veiðimanna sem fengu úthlutað leyfi í ár, alls var 1.021 veiðileyfi gefið út.



Jóhann G. Gunnarsson

Veiðitímabilið hefst 15. júlí og stendur fram til 20. september. Samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum er veiðimönnum hreindýra og leiðsögumönnum þeirra skylt að standast verklegt skotpróf áður en haldið er til hreindýraveiða.

Jóhann G. Gunnarsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun á Egilsstöðum, segir fjöldann svipaðan og síðustu ár. Aðspurður um hvað valdi því að fólk dragi skotprófið á langinn segir Jóhann. „Er það ekki bara í eðli Íslendinga að gera allt á seinustu stundu? Þetta reddast hugsunarhátturinn? ■

## Ný stólalyfta í Bláfjöllum



Í gær var unnið að uppsetningu á nýrri stólalyftu í Suðurgili í Bláfjöllum sem á að taka í notkun næsta vetur. Sérfræðingar frá framleiðandanum Doppelmayr eru á landinu að vinna að uppsetningunni. Einnig á að setja upp nýja stólalyftu í Kóngsgili sem verður líklegast tekin í notkun þarna næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Prýðilegt veður víða um helgina

sigurjon@frettabladid.is

**VEDUR** Mikil ferðahelgi er fram undan, margir hverjir eru loksins að komast í frið og því er ferðahugur kominn í marga. „Við getum sagt að um sunnanvert landið, þar verður veðrið,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur, sem einnig er þekktur undir nafninu Siggí stormur, í samtali við Fréttablaðið.

„Hæsti hitinn um helgina verður nálægt 17-18 stigum, það verður á Suðausturlandi. Suðurlandið og Suðvesturlandið hafa vinninginn á laugardag og Suðurlandið á sunnudag. Í sjálfu sér er prýðilegt veður víða og úrkomman er í lágmarki á Suður- og Vesturlandi,“ segir Siggí.

Siggí segir Norðurlandið muni einkennast af vætugangi. „Það er ekki annað að sjá en að Norðurlandið fái sinn skerf af vætu, sérstaklega framan af helginni en svo



Sigurður Þ. Ragnarsson eða Siggí stormur

gæti þetta snúist við eftir helgi,“ segir hann.

Siggí bendir þó á að þetta er staðan eins og spánnar líta út núna, og það gæti vel breyst. „Þær eru sémilega samhljóma og þegar það er svoleiðis þá er maður bjartsýnn á að þær rætist,“ segir hann.

Siggí segir mestu birtuna verða á svæði frá Kirkjubæjarklaustri í austri og alveg vestur að Snæfellsnesi. ■



## Þríþrautarkona með gull um hálsinn en aðeins hálf tunga

Þrátt fyrir að vera með hálf tunga hægra megin er Katrín Pálsdóttir ein fremsta þríþrautarkona landsins. Hún vann Ólympíska þríþraut um helgina og er að fara í dag í hjólréiðakeppni sem telur 960 kílómetra.

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Bolvíkingurinn Katrín Pálsdóttir varð um helgina Íslandsmeistari í Ólympískri þríþraut sem fór fram á Laugarvatni um helgina. Katrín kom í mark níu mínútum á undan Sigurlaugu Helgadóttur sem varð önnur. Katrín fékk sjaldgæft lungnkrabbamein, sem kallast carcinoid, árið 2019 og skar Tómas Guðbjartsson, betur þekktur sem Lækna-Tómas, hálf tunga og burt.

Þrátt fyrir að vera með hálf tunga hægra megin hefur Katrín haldið áfram að keppa með gleðina að vopni. Keppni helgarinnar fól í sér að synda 1,5 kílómetra, hjóla 45 kílómetra og hlaupa 10 kílómetra. „Sigurinn kom mér á óvart.“

Katrín er með heilt tunga vinstra megin en hálf tunga megin. „Árið 2019 fékk ég krabbameinið sem Tómas skar í burtu en þrátt fyrir það fór ég fimm vikum síðar í hálfan Járnkall í Indónesíu og náði góðum tíma,“ segir hún.

Katrín finnur ekkert fyrir neinum einkennum og er heldur ekkert að velja því fyrir sér að hún sé aðeins með hálf tunga hægra megin. „Ég varð aldrei veik í hausnum þannig að ég spáði aldrei neitt mikið í þessu. Ég hélt bara áfram að æfa og er almennt ekkert að velja þessu fyrir mér. Ég get ekki breytt neinu þannig að ég er frekar í gleðinni.“

Katrín starfar sem fjármála- stjóri hjá Bolungarvíkurkaupstað og æfir tvisvar á dag, fyrir vinnu og



Katrín kemur í mark um helgina en hún kláraði Ólympíska þríþraut á tveimur klukkutímum, 41 mínútu og 24 sekúndum.

MYND/ADSEND



Sigurinn kom Katrínu á óvart. Hér með verðlaunabikarinn.

svo seinni partinn eftir að skyldustörfum lýkur. „Sundlaugin hér er mjög lítil, bara 16 metra löng, þannig að ég syndi hring eftir hring. Svo hjóla ég sömu götuna fram og til baka og hleyp sama stíginn.“ Þrátt fyrir aðstöðuleysið stefnir hún hátt en dagskrá Katrínar út árið er þétt bókuð.

Í dag hefst Örnú-hjólréiðakeppni þar sem hjólaðir eru heilir 960

kílómetrar um Vestfirði. Þar verður Katrín meðal keppenda. Hún fer til München í ágúst með íslenska landsliðinu að keppa í sprettþraut og sama mánuð verður Gravel World í Nebraska þar sem Laufliðið verður. „Ég er ekki alveg búin með upptalninguna því í október verður heill Járnkall haldinn í Barcelona. Þar eru syntir 3,8 kílómetrar, hjólaðir 180 kílómetrar og svo heilt maraþon.“

Þrátt fyrir aðstöðuleysið í Bolungarvík segir Katrín að ef hausinn er í lagi þá sé allt mögulegt. „Ef fólk langar að gera eitthvað og ef því finnst það skemmtilegt þá er allt hægt. En ef þetta er leiðinlegt þá á bara að gera eitthvað annað.“

Það skiptir engu máli hvaðan fólk kemur. Aðstæður skipta engu máli. Þetta er bara hausinn. Ég get hlaupið sama hringinn og er ekkert að velja því fyrir mér. Ég get líka hjólað lengi sama slóðann. Ég gerði það í fyrra. Hjólaði sömu fimm kílómetrana þar til ég var komin með 140 kílómetra eða vegalengdina í Járnkallinum. Mér finnst gaman að æfa og gaman að hjóla og aðstæður skipta mig engu,“ segir Katrín. ■

# Landsliðsmenn fram tíðarinnar á N1 mótinu



ENNEMM / SIA / NH - 010011



## Safnaðu stimplum á leiðinni!

Gerðu ferðina á N1 mótið meira spennandi og safnaðu stimplum í Vegabréfið á öllum N1 stöðvum. Þátttakendur fá glaðning fyrir hvern stimpil og eiga tækifæri á glæsilegum vinningum í leikslok.



**25 kr.**  
AFSLÁTTUR  
+2 punktar

**25 kr. afsláttur  
í dag**

Farðu með fullan tank á N1 mótið! N1 korthafar fá 25 króna afslátt af lítranum og tvo punkta, nema þar sem fast lágt verð gildir.



## Sjáumst á N1 mótinu

Árlegt fótboldamót N1 hefst í dag og stendur til 2. júlí. Í 36 ár hefur N1 mótið gefið efnilegum leikmönnum tækifæri til að spila sig saman og skapa góðar minningar. Fylgstu með þegar landsliðsmenn framtíðarinnar sýna hvað í þeim býr og njóttu dvalarinnar á Akureyri með fjölskyldunni. Góða ferð og skemmtun!

Safnaðu minningum! #n1mótið

440 1000 n1.is

**N1**

ALLA LEIÐ





SS hækkar verðið um 18,7 prósent.

## Stórhækka afurðaverð til sauðfjábænda

bth@frettabladid.is

**LANDBÚNAÐUR** Sögulegar afurðaverðshækkanir eru í pípunum til bænda sem framleiða lambakjöt víða um land. Sláturfélag Vopnfirðinga ákvað í vikunni að hækka meðalverð dillkakjöts um 31,4 prósent til framleiðenda.

Haft er eftir Skúla Þórðarsyni, framkvæmdastjóra Sláturfélags Vopnfirðinga, í Bændablaðinu, að stjórn félagsins hafi talið sig knúna til að bregðast við rekstrarvanda sauðfjábænda.

Óvíst er að hve miklu leyti hækkin mun skila sér í herra vörverði til neytenda. Dæmi um aðrar afurðaverðshækkanir eru að Sláturfélag Suðurlands hefur ákveðið 18,7 prósent hækkingu til bænda á dillakjöti milli ára. Kjarnafæði-Norðenska hefur upplýst að afurðaverð muni hækka að lágmarki um 10 prósent. ■

## Konur drekka nú meiri orkudrykki

thorgrimur@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Dagleg neysla orkudrykkja meðal íslenskra kvenna hefur aukist nokkuð markvisst á síðustu árum. Þetta kom fram í rannsókn sem birt var í Talna-brunni af Embætti landlæknis í gær.

Kom þar fram að árið 2019 hafi fjögur prósent kvenna drukkið slíka orkudrykki daglega en sex prósent árið 2020 og sjö prósent árið 2021. Samkvæmt sömu rannsókn varð ekki marktæk breyting á neyslu karla á orkudrykkjum á sama tíma, en í mælingum árið 2021 var hlutfall karla sem neyttu orkudrykkja daglega átta prósent. Alls drukku um sjö prósent allra fullorðinna þessa drykki daglega eða oftar árið 2021. ■

# Dagur enn dulur um áhuga á formannssætinu

bth@frettabladid.is

**STJÓRN MÁL** Flokksmenn í Samfylkingunni fagna yfirlýsingu Kristrúnar Frostadóttur, þingmanns flokksins, um að hún íhugi alvarlega framboð til formanns Samfylkingarinnar. Yfirlýsingin er ekki talin segja til um hvort Dagur B. Eggertsson borgarstjóri bjóði sig fram eða ekki.

„Veðbankinn innan flokksins segir að það séu nákvæmlega 50/50 líkur á að Dagur fari fram,“ segir sveitarstjórnarmaður í flokknum.

Dagur sagði aðspurður í samtali við Fréttablaðið í gær að hann



Dagur vildi hvorki ræða eigin áform né bregðast við yfirlýsingu Kristrúnar.



Dagur B. Eggertsson



Kristrúnar Frostadóttur

væri í frí en kæmi til starfa í næstu viku. Hann vildi að sinni ekki ræða eigin áform eða bregðast við yfirlýsingu Kristrúnar. Flokksmenn segja að Dags biði stór ákvörðun,

því sagan minnst gjarnan síðustu bardaga stjórnmálamanna fremur en fyrri sigra.

Formannsskiptin verða í haust þegar Logi Einarsson stígur til hliðar. Á annað hundrað landsfundarfulltrúa munu velja sér forystu. Ef fram koma fleiri en eitt framboð til formanns getur frambjóðandi óskað þess að almenn kosning fari fram. Ef svo fer munu þúsundir atkvæða ráða valinu.

Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, sagði í samtali við Fréttablaðið að hún hefði engin áform um annað en að bjóða sig áfram fram. ■

# Ný aðferð til að nota ál við húshitun

Íslenskt verkfræðifyrirtæki í samvinnu við evrópska háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki, er að þróa nýstárlega aðferð við húshitun þar sem ál er orkugjafinn.

ser@frettabladid.is

**NÝSKÖPUN** Straumhvörf kunna brátt að verða á þeim byggðasvæðum sem hafa ekki aðgang að heitu vatni til húshitunar, en íslenska verkfræðifyrirtækið Arctus alumínium og Tæknisetur (áður Nýsköpunarmiðstöð Íslands) taka nú þátt í umfangsmiklu evrópsku rannsóknarverkefni sem byggir á sjálfbærri nýtingu áls sem orkugjafi til húshitunar.

Verkefnið hlaut nýlega verulegan fjárstyrk frá Rannsóknasjóði Evrópusambandsins og Tækniþróunarsjóði Sviss og nemur hann hálfum milljarði króna, en auk Íslands koma stofnanir og fyrirtæki frá Hollandi, Noregi, Slóveníu, Sviss, Tékklandi og Þýskalandi að verkefni.

„Eiginleikar álsins skipta hér sköpum,“ segir Jón Hjaltalín Magnússon verkfræðingur, sem stofnaði Arctus alumínium fyrir hálfum öðrum áratug, en hann segir þennan kunna málmetta geta safnað í sig sérlega miklum hita.

Þróunarvinna hans og samstarfsaðila gengur út á það að búa til nokkurs konar orkugeymslu þar sem álið er hitað, en þaðan er heitt loft flutt á milli staða og er tengt við hitaleiðslur eða ofnakerfi.

„Við höfum prufukeyrt þessa aðferð og hún gengur upp,“ bætir Jón Hjaltalín við, en hann segir hana vera einstaklega umhverfisvæna.

„Það sem er hvað áhugaverðast



Jón Hjaltalín Magnússon, verkfræðingur og stofnandi Arctus alumínium, til hægri, ásamt dr. Guðmundi Gunnarssyni, efna- verkfræðing hjá Tæknisetri í „minnsta álveri heimi“ á tilraunastofu Tæknisetsins.

MYND/ARCTUS



Málmurinn getur safnað í sig sérlega miklum hita.

MYND/ARCTUS

við aðferðina er hvað hún er endurnýjanleg,“ segir Jón Hjaltalín og útskýrir enn frekar. „Þegar vatn er sett yfir álið hvarfast það í hita og



Við höfum prufukeyrt þessa aðferð og hún gengur upp.

vetni og breytist við það aftur í súral sem er svo hringrásad til álversins til að framleiða aftur nýtt ál. Sjálfbærni verður varla augljósari,“ segir Jón Hjaltalín og bendir á að framlag Íslands til þessa verkefnis sé einkum fylgið í kolefnislausri framleiðslu á álinu, svo og endurvinnslu súralíns sem verður til í hitaveitunum þegar álið losar orkuna.

Hann segir að orkugeymslu sem

hita upp álið með fyrrgreindum hætti geti séð heilu bæjarfélögum fyrir húshitun og muni, ef allt gangi að óskum, nýtast sérstaklega vel á þeim köldu svæðum þar sem íbúar þurfa ýmist að nota rafmagn eða olíu til að hita hús sín, eða eftir atvikum kol eða annan eldivið á meginlandi Evrópu og víðar um álfur.

„Þróunarvinnan lofar mjög góðu, en samvinna er þar lykilatriði,“ segir Jón Hjaltalín og nefnir til sögunnar dr. Guðmund Gunnarsson og dr. Guðbjörgu Óskarsdóttur hjá Tæknisetri, „en aðkoma þeirra hefur skipt sköpum um að þessi hugmynd hafi orðið að veruleika með því að sýna fram á virkni hennar á tilraunastofu setursins,“ segir Jón Hjaltalín Magnússon. ■

# Íslendingar bora meira í Djíbútí

kristinnhaukur@frettabladid.is

**ORKUMÁL** Verkfræðifyrirtækið Verkís fékk nýlega fjögurra milljóna króna styrk frá Heimsmarkmiðasjóði atvinnulífs um þróunarsamvinnu til að kanna fýsileika jarðhitasvæða í Djíbútí. Er verkefnið gert fyrir jarðvarmastofnun Djíbútí.



Íslenskar jarðvarma- fyrirtæki eru með stórum verkefni í Djíbútí og Eþíópíu.



Nóg er af jarðvarma í einu fátækasta landi Afríku.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

Landið er með fátækari löndum Afríku og liggur á mörkum Rauðahafs og Adenflóa. Bæði Verkís og Orkuveita Reykjavíkur hafa áður stundað rannsóknir í landinu, á svæði er kallast Assal misgengið. Þar hafa einnig Íslenskar jarðboranir unnið að tveggja milljarða króna jarðhitaverkefni frá árinu 2017.

Þó að Djíbútí og önnur ríki Austur-Afríku séu fátæk eru þau rík af jarðvarma. Er nýting hans talin mikilvæg fyrir framtíðarþróun landanna og baráttuna við loftslagsvána. Einkum Keníu og Eþíópíu, en í Eþíópíu er Reykjavík Geothermal með nokkur stór jarðvarma- verkefni í gangi. ■

**HITAVEITUSKELJAR**

**QUEEN**  
6-8 manna  
1.600 lítrar  
215x215 cm

**299.000 KR. STK.**

HEITIRPOTTAR.IS  
FOSSHÁLS 13 • Sími 777 2000



**SUBARU**

*Confidence in Motion*



ENNEMM / SIA / NM011498

# SUBARU FORESTER

TILBÚINN Í ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

## SUBARU e-BOXER

Nýja kynslóðin af e-BOXER vél SUBARU sameinar BOXER-vél og rafmótor fyrir sportlegan akstur í hljóðlátu og þægilegu farþegarými án óæskilegs hávaða og titrings, jafnvel þegar ekið er á ójöfnum vegum. Hann er stöðugur í beygjum, þrátt fyrir jeppahæðina, auk þess að vera vandlega þróaður til að draga úr þreytu á lengri ferðalögum til að allir geti notið ánægjulegrar akstursupplifunar.

Komdu og reynsluaktu nýjum Forester e-BOXER í dag.

### SUBARU FORESTER e-BOXER, 4x4, SJÁLFSKIPTUR

Verð frá: 7.490.000 kr.

**5 ÁRA ÁBYRGÐ\***



**EyeSight**  
Driver Assist Technology

\*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að kaupandi taki ábyrgð á og standi straum af reglulegu þjónustueftirliti hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar um ábyrgðina á [www.subaru.is](http://www.subaru.is)

**Bílasala Akureyrar**  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

**BL söluumboð**  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**Bílasala Reykjaness**  
Reykjanesbæ  
[www.bilasalareykjaness.is](http://www.bilasalareykjaness.is)  
419 1881

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





Jeffrey Epstein og Ghislaine Maxwell.

## Maxwell hlaut tuttugu ára dóm

jonthor@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Hin breska Ghislaine Maxwell hlaut í gær tuttugu ára fangelsisdóm fyrir kynlífsmansal, en hún var ein helsta samstarfsskona bandaríska kaupsýslumannsins Jeffrey Epstein. Í desember var hún sakfelld í fimm ákæruliðum af sex, en dómurinn yfir henni var kveðinn upp í New York í gær.

Frá verða tvö ár dregin vegna þess að Maxwell hefur nú þegar eytt tveimur árum í fangelsi. Hún mun eiga möguleika á reynslulausn.

Að auki var Maxwell dæmd til að greiða 750 þúsund dala sekt, sem jafngildir tæplega hundrað milljón krónum. ■

## Þrjár handteknir vegna líkfundar

birnadrofn@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Þrjár einstaklingar hafa verið handteknir í tengslum við dauða 50 einstaklinga en lík fólksins fundust í tengivagni flutningabíls í Texas í fyrradag.

Þegar bíllinn fannst á fáförnum vegi suðvestur af borginni San Antonio voru 46 lík í bílnum og sextán einstaklingar voru enn á lífi. Tólf fullorðnir og fjögur börn. Tala látinna hefur nú hækkað úr 46 í 50.

Talið er að fólkið hafi látist af völdum vökvaskorts og ofþornunar en ekkert vatn fannst í bílnum sem talið er að hafi verið nýkominn yfir landamæri Mexíkó og Bandaríkjanna. ■

# Margföldun á heraflo NATO í Evrópu

Leiðtogafundur NATO í Madrid er einn sá mikilvægasti sem haldinn hefur verið og nánar bandalagsþjóðir hafa verið kallaðar að borðinu. Búist er við margföldun á heraflo NATO í Evrópu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**UTANRÍKISMÁL** Leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins, NATO, hófst í gær og stendur yfir til fimmtudags. Stríðið í Úkraínu er vitaskuld efst á baugi en stefnt er á að fjölga hermönnum í Austur-Evrópu og skilgreina Rússland sem helstu ógnina við öryggi bandalagsþjóðanna til næsta áratugar. Einnig verður ræddur stuðningur við Úkraínu, umsókn Svía og Finna, afstaða bandalagsins til Kína og loftslagsmálin.

Á blaðamannafundi fyrir fundinn sagði Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO, að 300 þúsund manna herlið yrði sett í viðbragðsstöðu á ákveðnum stöðum. Í dag er viðbragðsliðið í Austur-Evrópu 40 þúsund hermenn og var 13 þúsund fyrir hertöku Krímskaga árið 2014. Þá verður þunga vopnum og sérstökum búnaði einnig komið fyrir í álfunni til að geta brugðist við ógn.

„Ég er viss um að Moskva og Pútín forseti skilja öryggisþryggingar okkar. Skilja hvaða afleiðingar það hefur að ráðast á eitt NATO ríki,“ sagði Stoltenberg.

Meirihlutinn af viðbragðsliðinu er staðsettur í Eystrasaltsríkjum og Póllandi. Varnirnar verða styrktar þar og í Rúmeníu, Búlgaríu, Ungverjalandi og Slóvakíu.

NATO fundurinn kemur í beinu framhaldi af fundi G7-ríkjanna í Schloss Elmau í Þýskalandi. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra kom hins vegar beint af Hafráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Lissabon og flutti hún erindi í gær um loftslagsmálin og öryggi bandalagsins. Auk þeirra 30 ríkja sem eiga aðild



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ræddi við gestgjafann, Pedro Sanchez, forsætisráðherra Spánar við komuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



## Búist er við að 300 þúsund manna herlið verði byggt upp í Evrópu og Bandaríkin hafi þar 100 þúsund.

að NATO verða leiðtogar Svíþjóðar og Finnlands á fundinum sem og leiðtogar Suður-Kóreu, Japans, Ástralíu og Nýja-Sjálands sem eru meðal nánustu bandamanna bandalagsríkjanna. Er það talið til marks um mikilvægi þessa fundar hjá vesturveldunum og innlegg þessara ríkja mun mestu skipta í

umræðunni um langtíma stefnu gagnvart Kína. Einnig verður forsætisráðherra Georgíu á fundinum.

Magdalena Andersson, forsætisráðherra Svíþjóðar, og Sauli Niinistö, forseti Finnlands, funduðu með Recep Erdogan Tyrklandsforseta og Stoltenberg. Á fundinum féllu Tyrkir frá því að standa í vegi fyrir aðild Finnlands og Svíþjóðar að Atlantshafsbandalaginu. Tyrkir voru þar til í gær eina hindrunin fyrir inngöngu fyrrnefndu ríkjanna.

Þetta er ekki það eina sem gæti reynst pólitískt flókið á fundinum. Einnig hvernig hin nýja hernaðaruppbygging í Austur-Evrópu verður gerð. Talið er að Bandaríkjamenn vilji að hún verði að mestu leyti borin uppi af Evrópumönnum og Evrópumenn hafa undanfarið sýnt vilja til að efla heri sína, til dæmis



Magdalena Andersson forsætisráðherra Svíþjóðar og Recep Erdogan Tyrklandsforseti mættust í gær.

þjóðverjar. Hins vegar telja Evrópuríkin að Bandaríkjamenn verði að spila lykilhlutverk í vörnum Evrópu. Í dag eru alls 70 þúsund bandarískir hermenn á herstöðvum í Evrópu. Talið er að NATO geti náð sátt um að þessi tala hækki í 100 þúsund og verði að stærstum hluta í Þýskalandi og Póllandi. ■

## Ferðamenn utan Schengen þurfa að borga sérstakt gjald eftir áramót

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SAMGÖNGUMÁL** Um áramótin hefst gjaldtaka fyrir ferðamenn sem koma frá löndum utan Schengensvæðisins. Er það til að greiða fyrir nýtt eftirlits- og landamærakerfi sem nefnist ETIAS.

„Í stuttu máli þá er verið að setja upp, með innleiðingu ETIAS, samskonar feril fyrir þriðjaríkisborgara sem eru undanskildir vegabréfsáritunarskyldu fyrir komu inn á Schengensvæðið og margir Íslendingar þekkja með ESTA-umsóknarferli fyrir ferð til Bandaríkjanna,“ segir Gunnar Hörður Gardarsson, samskiptastjóri hjá embætti Ríkislögreglustjóra sem hefur umsjón með innleiðingunni hér á landi.

„Í dag er gert ráð fyrir að umsóknargjald fyrir ETIAS-ferðaheimild sé 7 evrur (um 1.000 krónur), en ákveðnar undanþágur eru fyrir greiðslu þeirra gjalda,“ segir Gunnar. „Gjaldið er svo innheimt rafrænt í kringum umsóknarferlið og er það greitt til Evrópusambandsins.“

Innan Schengensvæðisins eru öll lönd Evrópusambandsins og EFTA fyrir utan Írland, Kýpur, Króatíu, Rúmeníu og Búlgaríu, en hin fjögur síðastnefndu stefna á inngöngu. Hvorki Færeyjar né Grænland eru í Schengen.

ETIAS hefur verið í bígerð síðan árið 2016 og er ætlað að tryggja betur ytri landamæri svæðisins.



Lönd á Schengen-svæðinu.



## Gert er ráð fyrir að gjaldið sé 7 evrur eða 1.000 krónur.

Fólk sækir um sérstaka ferðaheimild á netinu sem gildir í þrjú ár þar sem fólk þarf að gefa upp ýmsar bakgrunnsupplýsingar, svo sem sakavottorð og viðveru á átaka-svæðum. Fáí viðkomandi höfnun er honum ekki hleypt inn á svæðið en getur afþrygjað ákvörðuninni. ■

# TENERIFE

## FJÖLSKYLDAN SAMAN Í SÓL

VINSÆLT

05. -12. JÚLÍ

HG CRISTIAN SUR 3\*

ÍBÚÐ MEÐ 1 SVEFNHERBERGI

VERÐ FRÁ 84.900 KR

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN  
VERÐ FRÁ 103.500 KR. Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

INNIFALIÐ Í VERÐI, FLUG, GISTING, INNRIÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR. BÓKAÐU ÞITT SÆTI Á U.U.IS




# NÝR AiWAYS U5!


AiWAYS U5 ER 100% RAFKNÚINN  
LÚXUS JEPPLINGUR Á FRÁBÆRU VERÐI,  
FRÁ KR. 5.190.000



AiWAYS U5 er 100% rafknúinn lúxus jepplingur sem er ríkulega búinn, lipur og einstaklega skemmtilegur í akstri. Sérlega glæsileg innrétting og Innrarými er með því besta í sínum flokki og gera AiWAYS U5 fullkominn fararskjót inn í framtíðina.

AiWAYS U5 er að stærstum hluta þýsk hönnun

Akstursdrægnin er 410 km á fullri hleðslu  
(400 km í Premium útfærslu) 

Hröðun 3,1 sek. 0 – 50km/klst.  
Afkastageta: 150 kW (204 hð) 

## BÍLL ÁRSINS!

Bandalag íslenskra bílblaðamanna (BÍBB) er búið að velja AiWAYS U5 í úrslit í valinu á Bíl ársins á Íslandi 2022



SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR  
NÝJAN 100% RAFKNÚINN AiWAYS U5.

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

## ■ Skoðun

Guðmundur Gunnarsson



## Rautt ljós

Það logar rautt ljós í mælaborði sveitarfélaganna. Það er það sem nýjustu ársreikningarnir eru að segja okkur. Mögulega einhvers konar olíuleki. Eða gangtruflanir.

Sveitarsjóðir landsins voru sem sagt reknir með nærri því 9 milljarða króna halla á síðasta ári. Annað árið í röð. Samt jukust tekjur um 10 prósent á milli ára. Meira skattfé í kassann og auknar tekjur en samt bullandi hallarekstur.

Það þarf reyndar ekki að leita langt eftir skýringum. Augun staldra við launaliðinn eins og venjulega. Enda er staðan þannig hjá sveitarfélögum að af hverjum 10 krónum sem þau taka til sín í formi skatta, fara 6 krónur í laun.

Fullkomlega eðlilegt í sjálfu sér þar sem sveitarfélögin veita mjög mikilvæga grunnþjónustu sem eðlilegt er að greiða fólki laun fyrir að veita.

En ef launakostnaður vex um riflega 10 prósent á milli ára, líkt og gerðist í fyrra, er kominn tími til að staldra aðeins við. Gefa olíuljósinu gaum.

En það er fleira en vaxandi launakostnaður sem vekur athygli.

Skuldir hafa aukist, á sama tíma og fjárfestingar dragast saman. Sem er aldrei gott. Samt hækka framlög úr jöfnunarsjóði ár frá ári og fasteignagjöldin rjúka upp með hækkanði fasteignamatí. Samt rýrna sjóðirnir. Sérstaklega þeir sem sveitarfélög nota til að sækja fram. Þar hefur staðan raunar ekki verið verri í 20 ár.

Ef við drögum þetta saman þá blasir við að auknar tekjur eru ekki að skila sér sem skyldi. Í bættri afkomu eða greiðslu skulda. Það er áhyggjuefni.

En hægan nú. Róum okkur aðeins. Rauð ljós í mælaborði þurfa ekki endilega að þýða að vélin sé önyt.

Staðreyndin er eftir sem áður sú að rekstur á sveitarstjórnartígunu er ágætur ef við horfum yfir nokkurra ára tímabil.

Það áraði nefnilega vel fyrir heimsfaraldur. Sem betur fer. Þar af leiðandi eiga langflest sveitarfélög borð fyrir báru og geta tekist á við hökt í kjölfar heimsfaraldurs, jafnvel þótt það teygji sig yfir tveggja ára tímabil.

Aðalatriðið er bara að nýir bæjarfulltrúar átti sig á stöðunni; geri sér grein fyrir hvað rauðu ljósinn þýða. Þeir þurfa nefnilega að halda vel á spöðunum næstu ár.

Það gerist nefnilega ekkert á einni nóttu í rekstri sveitarfélaga. Og ef maður hversu rauðu ljósinn þá hættir vélin á endanum að virka. Og þá er of seint að ætla að kíkja undir vélarhlífina. ■

# Hljóti að koma til raunverðslækkana

Aðalhafgræðingur Stefnis segir að hljóti að koma til raunverðslækkunar á fasteignamarkaði á næstu árum. Hafgræðingur í greiningu Íslandsbanka segir að ólíklegt sé að sjá megi lækkanir á fasteignamarkaði á næstunni en býst þó við að hægja muni á hækkunum.

magdalena@frettabladid.is

Konráð S. Guðjónsson, aðalhafgræðingur Stefnis, segir það líklegt að fasteignaverð muni lækka að raunvirði á næstu misserum.

„Ég held að það hljóti að koma einhver raunverðslækkun miðað við þær miklu breytingar sem hafa orðið, þótt hún verði ekki endilega mikil,“ segir Konráð og bætir við að erfitt sé að segja til um hvort það verði nafnverðslækkun.

„Eðli fasteignamarkaðarins er þannig að ef það er mikill þrýstingur á að nafnverð lækki þá hefur tilhneigingin verið sú að það birtist í minni veltu og það sé erfiðara að selja heldur en í nafnverðslækkun.“

Bergþóra Baldursdóttir, hafgræðingur í greiningu Íslandsbanka, segir að hún telji ósennilegt að það verði lækkanir á fasteignamarkaði á næstu misserum, hvorki að raunvirði né nafnverði. Það sé líklegra að fasteignamarkaðurinn muni róast og hækka svo í takti við annað verðlag.

„Það þarf mikið til að verð lækki á fasteignamarkaðnum, þó að við höfum séð það gerast í hruninu. En auðvitað er hættan á fasteignamarkaðnum þegar verð hækkar svona hratt, að um bólu gæti verið að ræða sem getur svo sprungið að lokum. Við teljum það ekki vera stöðuna núna þar sem heimilin standa vel, en það er vissulega ákveðið áhyggjuefni. Þess vegna er fjármálastöðugleikanevnd að grípa inn í til að draga úr hættunni á að það geti gerst,“ segir Bergþóra.

Konráð segist óviss um hvort vaxtahækkanir Seðlabankans muni hafa tilætluð áhrif til skamms tíma en býst þó við að þær muni hafa allveruleg áhrif síðar.

„Vandamálið er að það gleymist oft að þegar Seðlabankinn breytir vöxtum tekur allt að einu ári fyrir áhrifin að koma fram samkvæmt rannsóknunum. Þannig að verðbólguumhverfið í dag byggir á vöxtum sem voru á síðasta ári. Ein ástæða fyrir því að nú er verðbólga hér og annars staðar er að seðlabankar voru alltof seinir að bregðast við, eftir á að hyggja.“

Bergþóra segir, aðspurð hvort hún telji að stýrivaxtahækkanin muni hafa tilætluð áhrif á verðbólgu og fasteignamarkaðinn, að hún telji svo vera og bindi vonir við það. Það sé ljóst að þetta muni bita á lántakendur á fasteignamarkaði og muni hafa áhrif þar fyrir en síðar. Þetta muni einnig hafa áhrif á verðbólgunum þar sem húsnæðisliðurinn í vísitölunni hafi mikil áhrif um þessar mundir.

„Ef sá liður fer að róast gætum við séð verðbólguna hjaðna. En óvissan



Seðlabankinn hækkaði stýrivexti í síðustu viku og hafa þeir ekki verið svo háir síðan 2017.

varðandi verðbólgunum er innflutta verðbólgan og þessar vaxtahækkanir hafa lítil sem engin áhrif á hana. Vonandi verður það svo að þegar verð á fasteignamarkaðinum hægir á sér muni það veita á móti aukinni innfluttri verðbólgu, ef verðhækkanir erlendis halda áfram,“ segir Bergþóra.

Seðlabankinn hóf vaxtahækkanarferli í maí á síðasta ári. Konráð segir að þær vaxtahækkanir sem hafa orðið síðan þá hafi eflaust haft áhrif á fasteignamarkaðinn þó það séu aðrir kraftar sem hafa vegið þungt á móti.

„Það er til að mynda búid að vera lítið söluframboð og áhrifin af þeim vaxtahækkanunum sem komu á undan urðu til þess að fólk breytti neysluvenjum sínum.“

Bergþóra segir að þó svo að gögnin sýni ekki fram á að fasteignamarkaðurinn sé að róast geti það verið fljótt að breytast.

„Seðlabankinn hækkaði síðast vexti í síðustu viku og enn eiga sumar lánastofnanir eftir að bregðast við því. Stýrivextir hafa ekki verið svona háir síðan 2017 og okkur finnst líklegt að vextirnir séu farnir að bita lántakendur talsvert.“

Hún bætir við að það sé orðið á götunni að það sé aðeins farið að fækka í hópi þeirra sem mæta á opin hús, sem geti verið vísbending um að áhrifin af vaxtahækkanunum séu að koma fram.

„En við þurfum aðeins að bíða og sjá. Fasteignamarkaðurinn á það líka til að róast aðeins á sumrin þegar fólk fer í sumarfrí.“

Konráð bendir jafnframt á að þó að skortur á fasteignamarkaði sé vissulega vandamál hafi hann verið talaður of mikið upp, meðal annars af Seðlabankanum.

„Það sem gerist þegar talað er um að skortur sé vandamál þá bregst fólk við með því að kaupa þær vörur sem skortur er á. Ef við lítum á staðreyndir þá hefur verið unnið á skortinum síðastliðin tvö

ár. Það hefur verið byggt því sem nemur fólksfjölgun og í faraldrinum fengum við Airbnb-íbúðir inn á fasteignamarkaðinn.“

Konráð segir þó að betur megi ef duga skuli og það sé staðreynd að það sé ekki verið að byggja nógu mikið í dag.

„Það er líka áhugavert að það eru miklu fleiri að kaupa fyrstu íbúð en sem nemur fólksfjölgun. Það eru greinilega yngri og yngri hópar sem eru að koma inn og það býr til eftirspurnarþrýsting. Ég óttast að Seðlabankinn hafi gert mistök með hvaða skilaboð hann hafi komið til almennings um fasteignamarkaðinn og í raun þrýst upp verðinu.“

Bergþóra segir að mikilvægt sé að auka framboð af fasteignum.

„Eftirspurnin er mun meiri en framboð um þessar mundir og þess vegna hækkar verðið svona hratt. Bæði þarf að draga úr aukinni eftirspurn, meðal annars með hærri vöxtum, sem og auka framboð af nýjum íbúðum til að markaðurinn hægi á sér og komist að lokum í jafnvægi. Síðustu mánuði hefur framboð af íbúðum á sölu verið mjög lítið.“

Hún bendir þó á að nú sé að birta til í þeim efnunum. Aðeins fleiri íbúðir séu um þessar mundir til sölu samkvæmt Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

„Það er útlit fyrir minna framboð í ár af nýbyggingum en síðustu tvö ár, sem er áhyggjuefni. Samkvæmt talningu SI og HMS eru um 2.500 nýjar íbúðir væntanlegar á markaðinn í ár og rétt yfir 3.000 á næsta ári, vonandi verður það þó nóg til að anna þessari eftirspurn.“

Konráð segist óttast að Seðlabankinn hafi sett takmarkanir á fyrstu kaupendur á versta tíma.

„Versti tíminn til að grípa til þessara aðgerða er þegar markaðurinn er í toppnum og grípa þyrfti fyrir inn til að lágmarka sveiflur. Það er hætta á að Seðlabankinn sé að gera þetta ferli sársaukafyllra.“ ■



Konráð S. Guðjónsson, aðalhafgræðingur Stefnis




Bergþóra Baldursdóttir, hafgræðingur hjá Íslandsbanka



**Ein ástæða fyrir því að nú er verðbólga hér og annars staðar er að seðlabankar voru alltof seinir að bregðast við.**


Konráð S. Guðjónsson



## FÆRÐU ÁSTVINUM ÞÍNUM ÓSKASKRÍN

– UPPLIFUN Í ÖSKJU

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is







LYFIN Í LÚGUNA

# Bílaapótek

OPIÐ alla daga



VESTURLANDSVEGI 9-22  
HÆÐASMÁRA 10-23

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:

Bílaapótek Hæðasmára  
Bílaapótek Vesturlandsvegi  
Glæsibæ  
Urðarhvarfi  
Mjódd  
Apótek Suðurnesja

Renndu við

Fáir Íslendingar hafa getið sér betra orð og náð jafn miklum árangri á hinu alþjóðlega viðskiptasviði og Róbert Wessman, forstjóri Alvogen og stjórnarformaður Alvotech, sem á dögunum settist niður með blaðamanni Markaðarins og ræddi um viðskipti, lífið og tilveruna.

Í viðtali við erlent fagttímarit í lyfjageiranum 2002 var Róbert Wessman spurður að því hvort hann ætlaði ekki að láta til sín taka á líftækni-lyfjamarkaðnum. Hann svaraði því til að hann teldi það ótímabært og myndi bíða í tíu ár. Svo myndi hann gera þetta á Íslandi.

Samheitalíftækni-lyfjafyrirtækið Alvotech var skráð á Nasdaq í New York fimmtudaginn 16. júní. Viku síðar hófust viðskipti með hlutabréf félagsins í íslensku kauphöllinni. Varð þá að veruleika áfangi sem gríðarleg fjárfesting og þrotlaus vinna í heilan áratug liggja að baki.

Róbert stóð við stóru orðin og árið 2012, tíu árum eftir fyrrneft viðtal, kom hann á fót Alvotech. Það ár greindi Róbert stjórn Alvogens, fyrirtækisins sem hann er stór hluthafi í og stýrir, frá því að hann teldi að 2020 yrðu öll stærstu lyfin í heiminum byggð á líftækni og mikilvægt væri fyrir Alvogen að taka sér stöðu á þeim markaði.

Í framhaldinu voru gerðir samningar við Hospira, sem var hluti Pfizer lyfjarisans, upp á 270 milljónir Bandaríkjadala um þróun hliðstæðulyfs við Humira, sem er eitt stærsta líftækni-lyf í heimi sem selst fyrir 21 milljarð Bandaríkjadala á ári hverju.

Nú er Alvotech komið með leyfi til markaðssetningar og sölu fyrir hliðstæðulyf við Humira í Evrópu og tvö önnur lyf. Leyfi fyrir Bandaríkjamarkað tekur gildi á næsta ári.

Róbert segir sögu þess að Alvotech er komið á þann stað sem það er í dag vera nánast eins og lygasögu. Pfizer borgaði Alvotech fyrir þróun á Humira hliðstæðulyfi en var jafnframt að þróa sitt eigið hliðstæðulyf.

Reglur í Bandaríkjunum kveða hins vegar á um að hvert fyrirtæki má einungis vera með eitt lyf í hverjum flokki. Séu fleiri en eitt lyf í þróun ber fyrirtækjum skylda til að selja frá sér öll nema eitt. Ekki má bara hætta þróun þeirra heldur verður að selja.

„Pfizer taldi sína útgáfu vera lengra komna en þá sem við vorum að þróa og niðurstaðan varð sú að Pfizer borgaði Alvotech fyrir að taka yfir þróun og ábyrgð á lyfinu sem Hospira hafði upphaflega samið um við fyrirtækið. Þannig má segja að Pfizer hafi borgað okkur fyrir að þróa lyfið og svo aftur fyrir að taka það af sínum höndum,“ segir Róbert.

Nú er Alvotech komið með sitt Humira hliðstæðulyf á markað en ekkert bólar á lyfinu sem Pfizer taldi lengra komið á sínum tíma og veðjaði á.

Margt hefur verið ritað og skrafað um Róbert Wessman undanfarin misseri og ár. Flest hefur það verið um afrek hans á viðskiptasviðinu, sem vissulega eru mikil, og einhverjir hafa verið með hnúttukast í hann, eins og oft gerist með áberandi fólki sem skarar fram úr.

Minna hefur verið fjallað um manninn Róbert Wessman. Hver er maðurinn að baki Alvogen og Alvotech, maðurinn sem nú stýrir eina íslenska fyrirtækinu sem skráð er á hlutabréfamarkaði í Bandaríkjunum? „Ja, ég er í grunninn eiginmaður og faðir. Við hjónin áttum tvö börn fyrir hvort og eignuðumst síðan son okkar fyrir þremur árum.“

Eiginkona Róberts er Ksenia Shakmanova en þau gengu í hjónaband í ágúst í fyrra. Brúðkaupið fór fram í Frakklandi að viðstöddum fjölskyldu og vinum. Börn Róberts úr fyrra hjónabandi heita Helena, 23 ára og Jens, 20 ára. Börn Kseniu eru



Róbert Wessman og Ksenia Shakmanova eiginkona hans fyrir utan Nasdaq kauphöllina í New York, 16. júní síðastliðinn.



Róbert, Ksenia og Ace á fleygiferð í sumarfríi.



Róbert og Ksenia ásamt eldri börnunum sínum í brúðkaupinu í Frakklandi í fyrra.



Róbert og Ksenia með Ace á milli sín.

## Maðurinn á bak við Alvotech



Ólafur Arnarson  
olafur@frettabladid.is

Alex, 13 ára og Vika 12 ára. Saman eiga þau soninn Ace sem er þriggja ára. Fjölskyldan er því stór og mikið líf á heimilinu. Þau búa öll í Holland Park í London þar sem börnin ganga í skóla.

„Það var ástæðan fyrir því að við hreiðruðum um okkur í London 2019. Ríkidæmið er metið í að eiga frábæra krakka og þegar stundir gefast að verja tíma með þeim. Ace er mikill gleðigjafi fyrir okkur öll og ekki síst fyrir hina krakkana. London er náttúrulega frábær borg sem býður upp á allt það besta sem hægt er að njóta. Svo er það nú þannig að eldri börnin okkar eru í háskólanámi í London þannig að þetta er tilvalið fyrir fjölskylduna.“

Róbert segir London líka vera miðsvæðis og mjög heppilega miðstöð fyrir starfsemi þeirra fyrirtækja sem hann kemur að. Skrifstofan er í göngufjarlægð frá heimilinu. Venjulega eru þar 6-7 starfsmenn frá Alvotech, Alvogen og Lotus.

„Alvogen er eingöngu á Bandaríkjamarkaði og svo starfrækjum við Lotus í Asíu. Starfsemi Alvotech er síðan á Íslandi. En við erum um víða veröld og ég þarf að vera dálítið á faraldsfæti. London hentar frábærliga fyrir það vegna þess að þaðan er hægt að fljúga beint til allra staða sem við erum með starfsemi á og það skiptir máli,“ segir Róbert. „En hér í Holland Park er skrifstofan alltaf full vegna þess að stjórnendur víða að sækja í að koma hingað og vinna.“

Sjálfur segist Róbert vera á ferðinni um heiminn um tíu daga í hverjum mánuði að jafnaði. „Þetta hefur þó lagast heilmikið eftir

”

Þannig má segja að Pfizer hafi borgað okkur fyrir að þróa lyfið og svo aftur fyrir að taka það af sínum höndum.

Covid, Við fluttum til London 2019 og korteri seinna var kominn heimsfaraldur og allir fundir meira og minna komnir á Teams í gegnum tölvu.“

Róbert segist telja að heimurinn hafi breyst varanlega vegna Covid. „Við förum ekki aftur í þessi gegndarlausu ferðalög sem tíðkuðust áður. Núna afgreiðum við miklu frekar fundi í gegnum Teams en að taka heilan dag, eða jafnvel tvo, í að ferðast vegna klukkutíma fundar. Ég er í sambandi við alla mína stjórnendur reglulega í gegnum fjarfund.“

Róbert segir fjarfundina hins vegar ekki breyta því að stjórnendur verði að mæta á staðinn og hafa puttann á púlsinum. Til Íslands kemur hann þrisvar til fjórum sinnum á ári að jafnaði en undanfarin ár hefur hann búið erlendis, fyrst í New York og frá 2019 í London.

En hvernig er dagurinn hjá önnum köfnum forstjóra alþjóðlegs stórfyrirtækis og stjórnarformanni félags sem skráð er á Nasdaq?

„Ég reyni að hafa þetta í nokkuð föstum skordum. Til að byrja með má nefna það að ég reyni að skipuleggja svona tvær vikur fram í tímann – ákveða hverju ég ætla að koma í verk. Annars er hætt við því að síminn og tölvupósturinn taki völdin og lítið verði úr því sem maður ætlar að gera.“

Ég vakna svona sjö til hálf átta á morgnana. Það þarf að koma börnum í skólann. Við hjónin förum svo gjarnan saman í ræktina þegar færi gefst. Ég hef alltaf reynt að stunda líkamsrækt reglulega. Svo er þægilegt að geta gengið í vinnuna. Þangað er ég venjulega kominn svona um hálf níu.“

Róbert hefur gaman af margs konar íþróttum. Hann hefur stundað hjólreiðar og keppt í þeim. „Nú er reyndar búið að taka af mér keppnisleyfið í hjólreiðum. Ég lenti í slysi fyrir nokkrum árum og braut tvo hryggjarliði. Ég hef að mestu jafnað mig alveg en það skörtur

”

Ríkidæmið er metið í að eiga frábæra krakka og þegar stundir gefast að verja tíma með þeim. Ace er mikill gleðigjafi fyrir okkur öll og ekki síst fyrir hina krakkana.

samt eitthvað þó að það háir mér ekki. Ég reyni að stunda hlaup og hef gaman af því.“

Á veturna stundar Róbert skíði og þegar hann er í húsi fjölskyldunnar í Frakklandi er gjarnan gripið í körfubolta. „Svo hef ég óskaplega gaman af því að fara með son minn, þriggja ára, á fótboltaæfingar í Holland Park um helgar. Við reynum líka að fara mikið í sund og hann er orðinn syndur, sá stutti.“

Róbert segist vera alæta á íþróttir og tónlist. „Ég hlusta samt ekki mikið á klassík þegar ég er að vinna en hef gaman af til dæmis Kaleo og Dire Straits.“

En hvað með framtíðina?

„Ég er 53 ára og búinn að vera forstjóri alþjóðlegra fyrirtækja í 23 ár. Verkinu er hvergi nærri lokið og ég ætla að fylgja því eftir.“

Er ekkert freistandi að taka því rólega og fara bara að spila golf?

„Ja, ég tók nú aðeins í golfkylfur í gamla daga, þannig að ég á alveg sveifluna inni ef ég verð gamall, en núna hef ég bara engan tíma til að spila golf. Ég vil taka snarpar æfingar og hafa tíma fyrir það sem skiptir máli, fjölskylduna og þau verkefni sem ég er að vinna að,“ segir Róbert Wessman, sem dvelur ekki í fortíðinni heldur horfir björtum augum til framtíðar. ■

## Betri lausn

Nýlega kynnti Seðlabanki Íslands takmarkanir á möguleikum fólks til kaupa á húsnæði. Þær aðgerðir beinast fyrst og fremst að fólki sem er að kaupa sína fyrstu fasteign, sérstaklega fólki sem tekur verðtryggð lán. Samdægurs sagði seðlabankastjóri að með þessu væri verið að draga úr hvata fólks til að kaupa eign á allt of háu verði. Ég er ekki ósammála orðum Seðlabankastjóra hvað varðar íbúðaverð og kæmi það mér ekki á óvart að það lækki um 10-20% næstu misseri, rétt eins og hlutabréf hafa gert síðustu mánuði. Ekki er ólíklegt að Seðlabankinn óttist að verðtryggð lán fólks standi í stað eða jafnvel hækki vegna alþjóðlegrar verðbólgu, samhliða því að fasteignaverð lækki og höfuðstóll sumra þurrkist út, eins og gerðist árin í framhaldi af hruninu.



Mår Wolfgang-Mixa, lektor við HR.

Að mínu mati er lausnin þó ekki sú rétta. Að gera fólki það erfiðara nú en áður að kaupa sitt eigið húsnæði og festast þess í stað enn frekar á leigumarkaði, sem flestir leigjendur vilja flýja, er slæm lausn. Einfaldara væri að tengja verðtryggð lán við húsnæðisviðtöluna. Lækki húsnæðisverð, eins og stjórnendur Seðlabankans virðast óttast, myndi höfuðstóll fólks með slík lán einfaldlega lækka í sama takti. Tökum sem dæmi hjón sem kaupa íbúð á 40 milljónir og tækju 85% verðtryggt lán, eða 34 milljónir. Þau ættu þá 6 milljónir í húsnæði sínu. Hafi húsnæðisverð lækkað um 20% ári síðar þá væri markaðsvirði þess komið niður í 32 milljónir en höfuðstóll lánsins (til einföldunar, þá geri ég hér ráð fyrir að þau hafi greitt samtals 200 þúsund í afborganir) hefði lækkað niður í 27 milljónir. Það þýðir að eigið fé þessara hjóna hafi einungis lækkað um 1 milljón þrátt fyrir 8 milljóna króna lækkan á húsnæðinu sjálfu.

Hafi Seðlabankinn og stjórnvöld áhyggjur af háu fasteignaverði, þá ættu þau einfaldlega að leyfa fólki að taka húsnæðislán tengt húsnæðisverði. Með því er síður dregið úr möguleikum fólks til að eignast sitt eigið húsnæði en áhættan af lækkan húsnæðisverðs er takmörkuð. ■



Ólafur bjó í Lissabon á árunum 2011-2013 og hefur borgin verið í uppáhaldi hjá honum síðan.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

# Finnst gaman að prófa framandi mat

## ■ Svipmynd

Ólafur Ólafsson

### Nám:

Fór á fullt í vinnu eftir tvö ár í MH.

### Störf:

Rekstrarstjóri Travelshift.

### Fjölskylduhagir:

Giftur Katrínu Þöll hagfræðingi, en þau búa í Kópavogi.

Ólafur Ólafsson, rekstrarstjóri Travelshift, nýtur þess að upplifa nýja matarmenningu og smakka hluti sem hann vissi ekki að væru til. Hann er virkur í björgunarsveit og er það hans helsta áhugamál.

### Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég hef verið virkur meðlimur hjá Björgunarsveitinni Ársæli undanfarin fimm ár og hefur starfið þar verið mitt helsta áhugamál síðan. Þar hef ég verið að sérhæfa mig í verkefnum á sjó og í fjöllum og finnst fátt skemmtilegra en að æfa í oft krefjandi og köldum aðstæðum.

Þess á milli reyni ég að ferðast um heiminn og borða góðan mat á

sem flestum stöðum. Ég hef verið það heppinn að hafa náð að koma víða við og nýt ég þess mjög að upplifa nýja matarmenningu og smakka hluti sem ég vissi ekki að væru til.

*Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?*

Ég er mikið á hreyfingu og finn mér allt of sjaldan tíma til að setjast niður með bók, en hlusta mjög mikið á hlaðvörp um sögu þjóða og viðburða sem þróðu heiminn. En þegar ég finn mér svo góða bók og byrja á henni þá er hún oftast ekki lögð niður fyrr en hún er búin.

*Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanföllum miss-erum?*

Eins og fyrir marga, þá var Covid krefjandi tími í ferðabjónustunni. En sú uppbygging sem við höfum verið í, eftir að landamæri heimsins opnuðu á ný, hefur verið mikið verk. Við höfum sem betur fer verið það heppin að ná að laða til okkar ótrúlega öflugt teymi sem hefur komið að þessari uppbyggingu og vinnur nú hörðum höndum að því að skapa og þróa fyrirtækið í rétta átt.

*Hvaða áskoranir eru fram undan?*

Helstu áskoranir eru að takast á

”

Ég er mikið á hreyfingu og finn mér allt of sjaldan tíma til að setjast niður með bók, en hlusta mjög mikið á hlaðvörp um sögu þjóða og viðburða sem þróðu heiminn.

við eitt stærsta ferðasumar Guide to Iceland frá upphafi, ásamt því að setja á fót Guide to Europe sem er okkar metnaðarfullsta verkefni til þessa. Einnig erum við að halda upp á tíu ára afmæli Guide to Iceland núna á laugardaginn og er öllum boðið á afmælisshátíðina sem verður haldin á Ingólfstorgi næstkomandi laugardag milli kl. 20 og 22 en þar munu stíga á stókk Gugusar, Friðrik Dór og Herra hnetusmjör, svo það er nóg af skemmtilegum og krefjandi verkefnum fram undan.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Oft er skotið á mig að ég viti oft ekki hvar ég verð eftir viku, þannig að það er mjög erfitt að horfa svona langt áfram. Draumurinn er að ferðast meira með fjölskyldunni og upplifa nýja staði í heiminum. En vonandi verður maður þess á milli áfram vinnandi með frábæru teymi að skapa nýja hluti.

*Ef þú þyrftir að velja annan starfs-rama, hvað yrði fyrir valinu?*

Hafandi mikinn áhuga á mat og vini, þá mundi maður mögulega elta einhvern gamlan draum á því sviði. Að stofna litla vínframleiðslu í einhverju heitu landi og bjóða fólki upp á góðan mat sem parar vel við hljómar ekki sem slæmt líf.

*Hver er uppáhaldsborgin þín?*

Ég bjó í Lissabon á árunum 2011-2013 og hefur borgin verið í uppáhaldi síðan. Borgin hefur svo mikla sögu að baki sér og fólkið þar er svo vinalagt. Ég hef núna farið þrisvar sinnum aftur til baka eftir að ég flutti heim til Íslands og alltaf er hægt að finna eitthvað nýtt til að upplifa þar. Frábær matur og góð vín að finna á hverju götuhorni frá fjölskyldureknum veitingastöðum gera borgina einstaka. Svo er erfitt að kvarta undan veðrinu þar. ■

GOTT  
í útileguna

FK  
FJARDARKAUP

einstök  
verslun



# Djammvandinn



Adalheiður  
Ámundadóttir  
adalheidur  
@frettabladid.is

Undanfarin misseri og í raun alveg frá því að samkomutakmörkunum var aflétt hefur fólk sem skemmtir sér í miðborg Reykjavíkur um helgar kvartað undan því að eiga erfitt með að komast til síns heima.

Það kemur á óvart í hve litlum forgangi málið hefur verið af hálfu yfirvalda og jafnvel hve erfitt hefur reynst að fá það viðurkennt. Þegar Fréttablaðið kannaði málið snemma í vor vildi lögreglan ekki kannast við að hörgull væri á leigubílum. Næturroðin í Lækjargötunni væri ekkert lengri en venjulega.

Kannski er hluti vandans sá hve margir líta á djammíð sjálft sem vandamál en ekki fullgildan hluta af fjölbreyttu mannlífi borgarinnar. Ef þetta er málið, þarf umsvifalaust að hefja það til vegs og virðingar, því næturlífið í Reykjavík ætti að vera á heimsmaelikvarða og gera okkur stolt. Maður er manns gaman og við eigum að fagna því að fólk skemmtir sér og njóti lífsins hvert með öðru. Gleðin sjálf er ekki vandamál þótt alls konar vesen geti hlotist af henni.

Það þarf að setja samgönguvandamál næturlífsins í algjöran forgang og finna á því lausn, enda fylgja því margvíslegar hættur að stór hópur fólks sitji fastur einhvers staðar um miðjar nætur gegn vilja sínum. Fólk tekur til eigin ráða og sest ölvað undir stýri eða upp í bíla með ókunnugum. Þau sem kjósa að ráfa heim á leið fótgangandi geta átt á hættu að deyja úr kulda en hættu á því eykst verulega í ölvunarástandi á vetrarnóttum. Þá er stöðug ófriðarhætta yfirvofandi meðal þeirra sem hanga saman í röðinni, mun lengur en þau hafa þol til.

Lausnir á öryggisbrestum í miðborginni hafa of oft legið í aðgerðum sem eru íþyngjandi fyrir borgarana. Aukið eftirlit er oftast svarið. Kallað er eftir fjölgun eftirlitsmynda véla og fjölmennara liði lögreglunnar. Öflugt öryggisnet fyrir djammara felst þó alls ekki síður í góðri þjónustu og öflugum, fjölbreyttum samgöngum.

Myndirnar af Birnu Brjánsdóttur að ganga upp Laugaveginum í janúarkuldanum árið 2017 eru greiptar inn í huga okkar allra. Örlög hennar settu af stað háværar kröfur um aukið myndavélaeftirlit í miðborginni en ættu líka að vera áminning um hve mikilvægt er að veita unga fólkinu sem skemmtir sér í miðborginni góða þjónustu og öruggar samgöngur. ■

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

### Fiskmeti

Íslendingar eru almennt hlyntir veiðum á sjávardýrum, enda eru þeir sólgirnir í þorskingum og ýsuna og það litla sem eftir er af humrinum. Þeir eru jafnvel farnir að borða löngu og keilu af bestu lyst – og varla sér fyrir endann á öllum uppskriftunum að rjómalögudum steinbit með fennel, eða rauðsprettu með mangósósu og lúðu með sinnepsrönd. Og það er eitt-hvað svo óendanlega gott við allt þetta sjávarmeti að landsmenn lygna aftur augunum eftir að hafa rennt þessu öllu saman niður ...

### Hvalræði

En það er annað úr hafinu sem landsmenn eru hættri að skilja – og meta, en það eru ángskotans hvalveiðarnar sem eru algerlega úr takti við vilja meirihluta þjóðarinnar og virðast reknar til þess eins að senda langan fingur til þeirra þjóða sem helst vilja sækja landið heim sem ferðamenn. Ekki einasta er veiðin byggð á einstaklega þrærri þráhyggju eins gamalmennis úr Reykjavík, heldur nýtur hún svo mikils velvilja flokksins hans að hann fær einn Evrópumanna að verka almennilega stóran hval undir berum himni á meðan vargurinn skítur allt í kring. Og samkvæmt reglugerðinni, sem færð var aftur til miðrar síðustu aldar, á gamalmennið sjálft að hafa eftirlit með vinnslunni. ■

## Skák og stjórnmal



Helgi Áss  
Grétarsson  
1. varaborgar-  
fulltrúi Sjálf-  
stæðisflokksins í  
Reykjavík

Á þeim stutta tíma sem ég hef verið virkur í stjórnmalum hef ég lært að reynslan úr skákinni kemur að góðum notum. Sem dæmi er í skák mjög mikilvægt að sjá nokkra leiki fram í tímann og til að gera það þarf að þjálf margvíslega eiginleika, svo sem eins og minni, ímyndunarafl, útreikninga, strategíu, taktík og síðast en ekki síst að meta stöðuna réttilega. Stöðumat í stjórnmalum skiptir einnig sköpum.

### Um núllstillinguna

Í skák skiptast á skin og skúrur. Taka þarf ósigrum og sigrum með tilteknu jafnaðargeði. Það er erfitt en nauðsynlegt vegna þess að orkan og einbeitingin þarf að fara í að nálgast næstu skák rétt. Núllstilling er tæknin sem nota þarf. Það sama á við í stjórnmalum, til dæmis er þar engin þörf á að taka hlutum persónulega. Sá sem ekki er gagnrýndur er án efa litlaus og leiðinlegur stjórnmalamaður. Að takast á er hluti af leiknum, ef svo má að orði komast. Aðalatriðið í stjórnmalum hlýtur alltaf að vera að ýta góðum málum áfram, koma hugsjónum sínum í framkvæmd.

### Stjórnmal sem valdaleikur

Sviptivindar geta leikið um stjórnmalamenn en þeir klókustu hafa yfirsýn og þrek til að halda út þegar á reynir. Sem dæmi er í nútímanum mikilvægt að koma sér í aðstöðu, til dæmis í fjölmiðlum, til að hrinda af stað atburðarás sem eykur líkurnar á að stjórnmalamaðurinn standi uppi sem sigurvegari. Nýlegt dæmi um þetta er núverandi borgarstjóri, en flokkur hans tapaði hlutfallslega mestu fylgi í síðustu borgarstjórnarkosningum en með klækja- og útilokunar-pólitík eftir kosningar, situr hann áfram í borgarstjórnastólum.

### Kænn sem refur og hugrakkur sem ljón

Sennilega er það kostur fyrir bæði skákmann og stjórnmalamann að vera kænn sem refur og hugrakkur sem ljón. Mín upplifun af stjórnmalum hingað til er að margir eru kænir en fáir hugrakkir.

Hygg samt að samfélag nútímans hafi meiri þörf fyrir hugrakka stjórnmalamenn en kæna. ■



Gleðin sjálf er ekki vandamál þótt alls konar vesen geti hlotist af henni.

**SIR ARNAR GAUTI**  
LÍFSSTÍLSÞÁTTUR

**MIÐVIKUDAGA KL. 20.00**

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti er á dagskrá á miðvikudögum í sumar í sinni fjórðu þáttaröð af þessum geysivinsæla lífsstílsþætti.

DINEOUT

HRINGBRAUT



FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

MIÐVIKUDAGUR 29. júní 2022

Frekar vandræðalegt klúður hjá KISS.  
FRÉTTABLAÐIÐ/TWITTER

## KISS ruglaði saman fánum

oddurfreyr@frettabladid.is

Hin goðsagnakennda rokksveit KISS gerði frekar vandræðaleg mistök á laugardagskvöldið þegar hún var að spila í Austurríki en notaði ástralska fánann þegar hún sendi tónleikagestum ást sína. Tónlistarvefurinn Planet Rock greindi frá atvikinu.

Sveitin hafði nýlengið við að spila síðasta lagið sitt á Wiener Stadthalle-leikvanginum þegar hefðbundin þakkarorð birtust á stóru skjánum við sviðið. Þar stóð „KISS elskar ykkur, Vín“ en því miður var það ekki austurríski fáninn sem skreytti þessa kveðju, heldur sá ástralski.

Tónleikagesturinn Ben Nguyen náði mynd af atvikinu og birti mynd af villunni á Twitter-síðu sinni sem hefur vakið mikla athygli.

### Að syngja sitt síðasta

KISS eru nú á síðasta tónleikaferðalagi sínu, en ferðalagið heitir End of the Road World Tour og á því hefur sveitin farið um allan heim.

Ferðalagið hófst í Kanada 31. janúar árið 2019 og evrópski hluti tónleikaferðalagsins endar 21. júlí í Amsterdam. Í ágúst fer sveitin svo til Ástralíu. Ferðalaginu lýkur síðan í heimalandi sveitarinnar, Bandaríkjunum, í október. ■

Fanney ætlar að halda áfram að nota Bimuno eins lengi hún getur. Hún upplifir bætt lífsgæði eftir að hafa byrjað að taka forgerlana inn í febrúar á þessu ári.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Glöð að hafa fundið vöru sem hentar mér og bætir lífsgæðin

Fanney Úlfljótsdóttir uppgötvaði Bimuno forgerlana í febrúar eftir að hafa séð þá auglýsta á Facebook. Hún smelti á auglýsinguna og las sér til um vöruna og ákvað að prófa. Hún sér ekki eftir því enda finnur hún mikinn mun á meltingunni. **2**

BÄSTA I TEST  
Bäst-i-Test 2022BESTA  
SÖLARVÖRNIN  
7 ár  
ÍRÓÐFæst í Apótekum, Hagkaup, Fríhöfninni og víðar | nánar á [evy.is](http://evy.is) og [celsus.is](http://celsus.is)



Fanneý mælir hiklaust með Bimuno fyrir alla sem vilja bæta lífsgæðin með góðri meltingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég hef eins og svo margir aðrir verið með hægðatregðu og ég fann strax mun þegar ég byrjaði að taka inn Bimuno,“ segir Fanneý.

„Ég fór að lesa mér til um góðgerla fyrir nokkrum árum og las meðal annars bókina Þarmar með sjarma. Þar var talað um hvað góðgerlarnir í meltingarveginum eru mikilvægir fyrir þarmaflórana og heilsuna. Bimuno fæðubótar-efni er ekki góðgerlar heldur er það fæðan sem góðgerlarnir sem þegar eru til staðar í meltingunni nærast á og góðu bakteríurnar í meltingarveginum fjölga sér náttúrulega. En ég hafði þó ekki tekið inn nein góðgerla-fæðubótar-efni fyrr en ég prófaði Bimuno forgerla. Ég hef stundum tekið trefjatöflur en ég veit aldrei hvað ég á að taka mikið eða lítið af þeim. En ég varð strax svo ánægð með þessa vöru,“ útskýrir hún.

#### Þarmaflóran mikilvæg

Fanneý er að nálgast eftirlauna-aldur og segist hiklaust mæla með Bimuno fyrir fólk á hennar aldri og alla sem vilja bæta lífsgæðin með góðri meltingu.

„Það er bara eitt það mikilvægasta sem ég get hugsað mér að þarmaflóran sé í lagi. Ég hef reynt af meltingarvandamálum og er því afskaplega glöð að hafa fundið vöru sem hentar mér vel og bætir lífsgæði mín,“ segir hún og rifjar upp minningu frá því hún var barn og heimsótti ömmu sína.

„Þá voru frænkur hennar oft í heimsókn og umræðan var alltaf: „Hvernig eru hægðirnar?“ Ég ætla að koma í veg fyrir að það verði adalurmæðan hjá mér,“ segir hún og hlær.

Fanneý tekur samviskusamlega

## Á meðan þessi vara verður flutt inn ætla ég að halda áfram að taka hana inn.

Fanneý Úlfjótisdóttir

einn skammt af Bimuno á dag eins og leiðbeiningarnar segja til um og blandar honum oftast út í vatn eða te, en það má nota hvaða vökva eða mat sem er.

„Ég passa að gleyma aldrei skammti. Ég er búin að fara í tvö ferðalög síðan ég byrjaði að taka inn Bimuno og ég passaði að hafa þá með mér. Á meðan þessi vara verður flutt inn þá ætla ég að halda áfram að taka hana inn.“



Bimuno er margrannsökuð vara og fjöldi vísindagreina styður góð áhrif vörunnar.



Bimuno er bragðlaust og má setja út á mat eða út í drykk.



Bimuno má nota út í hvaða vökva sem er.

#### Meðal jákvæðra mögulegra áhrifa af inntöku Bimuno út frá reyntu og rannsóknum eru:

- Betri melting
- Minni magaónot
- Sterkara ónæmiskerfi
- Betri svefn

Bimuno er bragðlaust duft sem má blanda í vökva og drekka eða hella yfir mat. Rannsóknir sýna að dagleg notkun á Bimuno eykur magn bifídóbaktería í meltingarvegi á innan við sjö dögum.

#### Byggir á vísindum

„Bimuno er einstakt fæðubótar-efni sem inniheldur forgerla (e. Prebiotics) og styður við vöxt góðra/vinveittra gerla í meltingarveginum. Bimuno forgerlar voru þróaðir út frá rannsóknarverkefni sem hófst árið 2007 í Reading-háskóla í Bretlandi. Bimuno er ein mest rannsakaða GOS vara sinnar tegundar og styðja yfir 100 ritrýndar vísindagreina góð áhrif vörunnar,“ segir Eva María Pálsdóttir, lyfjafræðingur og gæðastjóri hjá Betri meltingu, sem er umboðsaðili Bimuno á Íslandi

GOS er skammstöfun fyrir galaktósafjölsýkrur. Bimuno hefur verið rannsakað í yfir 20 klínískum rannsóknum sem sýna að varan styður við heilsu og vellíðan. Bimuno var þróað með það að markmiði að fæða, næra og örva góðu bakteríurnar í neðri hluta meltingarvegarins, sérstaklega bifídóbakteríur. Bimuno er fæðan þeirra og með því að bæta Bimuno við fjölbreytta fæðu fjölga góðu bakteríunum.

#### Styrkir ónæmiskerfið

Flestir kannast við orðið góðgerlar (e. probiotics) en bifídóbakteríur eru góðgerlar og eru stór hluti þarmaflórunnar. Þeir stuðla að framleiðslu og upptöku vítamína og næringarefna í neðri hluta meltingarvegarins.

„Það fyrirfinnast milljarðar góðra og slæmra baktería í þörmunum og samsetningin er mjög mismunandi milli einstaklinga. Það mætti segja að þarmaflóra hvers einstaklings sé á vissan hátt einstök líkt og fingrafar. Heilbrigði þarmanna gegnir stóru hlutverki í heildarheilsu og vellíðan einstaklinga. Góðu bakteríurnar eins og bifídóbakteríur hjálpa ekki aðeins

til með meltingu heldur geta þær einnig haft áhrif á mörg mikilvæg svið líkams- og heilastarfsemi,“ segir Eva María.

„Það hefur einnig verið sýnt fram á samband milli góðgerla og virkni ónæmiskerfisins, en um 70% af ónæmiskerfinu er einmitt staðsett í meltingarveginum. Einnig hafa rannsóknir sýnt samband milli góðgerla og andlegrar heilsu, orkustigs og meira að segja svefngæða. Út frá þessum niðurstöðum er því erðlilegt að fólk spyrji hvað það geti gert til að fjölga og næra sína eigin góðgerla. Flestir Íslendingar þekkja til einhverra góðgerla og er mikið af þeim á markaði hérlandis. Ef Bimuno er tekið inn með góðgerlum, hefur það oft reynst jákvætt og það er ekkert sem mælir gegn því (e. Synbiotics).“ ■

Sölustaðir: Heilsuver, Lyfjaver, Lyfjaval, Lyfjabúrið, Urðarapótek, Íslands Apótek, Akureyrarapótek, Reykjavíkurapótek, Apótek Suðurnesja, Hagkaup í Skeifunni, Garðabæ og Smáralind og bimuno.is. Nánari upplýsingar um vöruna má nálgast á [www.bimuno.is](http://www.bimuno.is)

# Sumarkiljur

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 29. júní 2022

Kynningar: Bókabeitan, Storytel, Drápa.



Birgitta Elin Hassell og Marta Hlín Magnadóttir settu upp bókaforlag til að mæta þörf barna til lesturs skemmtilegra bóka.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Vilja kveikja lestraráhuga hjá börnum

Bókaforlagið Bókabeitan hélt upp á tíu ára afmælið síðastliðið haust en fyrirtækið hefur dafnað vel og vaxið á þessum árum. Strax í upphafi var ákveðið að leggja áherslu á vandaðar barna- og unglingsbækur sem auka lestraráhuga hjá börnum og ungmennum. Nú hafa aðrar skemmtilegar bækur bæst við flóruna. **2**

Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir eru stofnendur og eigendur Bókabeitunnar. Þær kynntust í kennaranámi og unnu fjölmörg verkefni saman á námsár-unum. Hugurinn leitaði þó ekki inn í skólastofur landsins heldur vildu þær láta gott af sér leiða með útgáfu áhugaverðra barna- og unglingsbóka.

Þær hófu reksturinn með eigin hrollvekjubókaflokki sem nefnist Rökkurhæðir. Það var þó ekki einfalt að vera allt í einu komnar með bókaforlag og Birgitta segir að fljótlega hafi borist til þeirra frábær handrit frá íslenskum rithöfundum sem þær töldu ástæðu til að gefa út.

„Við leggjum mikla áherslu á að bókin sé áhugaverð og skemmtileg. Að hún kveiki lestraráhuga hjá börnum,“ segir hún. „Bækurnar eru ekki kennslubækur heldur fyrst og fremst afþreying,“ bætir hún við.

#### Krakkakrimmar og ævintýri

Bækur Bókabeitunnar eru allar Svansvottadar og var fyrirtækið með þeim fyrstu til að sleppa plastpökkun á nýjum bókum. Bókabeitan hefur gefið út fjöldann allan af vönduðum barna- og unglingsbókum og má þar til dæmis nefna



bækur Bergrúnar Írisar Sævarsdóttur sem hlotið hefur margvísleg verðlaun fyrir skrif sín. Bergrún er bæði höfundur og teiknari.

Nýjasta bók hennar, Kennarinn sem fuðraði upp, hefur notið vinsælda eins og fyrri bækur úr þeim flokki. „Við köllum þessar bækur krakkakrimma enda eru þær æsispennandi,“ segir Birgitta.

Einnig er nýkomin út bókinn Stúfur fer í sumarfrí, eftir Evu Rún Þorgeirsdóttur, og einnig þrautabók sem er unnin í samvinnu við teiknarann Blævi Guðmundsdóttur en báðar eru bækurnar prýddar afar myndum, fallegum og fjörugum litmyndum.

Síðan má nefna bækurnar Bekkurinn minn, eftir rithöfundinn Yrsu Þöll Gylfadóttur og teiknarann Þórunn Örnú. Þetta er skemmtilegt konsept en sögupersónur allra bókana eru í sama bekknum þar sem alls kyns ævintýri gerast með ólíkum nemendum sem koma úr mismunandi menningarheimum. Við höfum einfaldað tvær fyrstu bækurnar þannig að þær eru líka til í útgáfu

Bókabeitan er með einstakt úrval vandaðra barna- og unglingsbóka. Flestar eru bækurnar áhuga-verðar og vekja lestraráhuga hjá börnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON

sem ætluð er yngstu lestrarhestunum.

**Lestaráhugi eykst hjá börnum**  
Lestaráhugi á meðal barna hefur verið að aukast mikið síðustu ár, að sögn Birgittu, og ekki síst vegna þess að úrvalið af barnabókum hefur batnað til mikilla muna.

„Krakkarnir eru ekki bara að lesa pappírskærur heldur lesa þau líka bækur á lesbrettum eða hlusta á þær. Fyrir mér er lestur bara lestur, sama í hvaða formi hann er,“ segir hún. „Við viljum gefa út bækur fyrir breiðan aldurshóp, allt frá börnum sem eru að byrja að stauta og til lengra kominna. Við vinnum mikið með íslenskum höfundum og teiknum,“ segir Birgitta og bætir við að sérstafa útgáfunar sé þó barna- og ungmennabækurnar.

„Hjartað slær þar að mestu. Það er okkar hjartans mál að bækur séu skemmtilegar, aðlaðandi og aðgengilegar fyrir börn. Þær þurfa alls ekki að kenna börnunum heldur eiga þær að skapa áhuga-verða skemmtistund. Bækur eiga að skapa lestrargleði hjá börnum rétt eins og hjá fullorðnum,“ segir hún. ■

## Sumarlegar bækur fyrir börn

Bókabeitan gefur út fjörugar, skemmtilegar, spennandi og myndríkar sumarbækur fyrir krakka, fullkomnar til að taka með í sumarfríð.

#### Stúfur fer í sumarfrí og Sumarþrautabók Stúfs

Bókin Stúfur fer í sumarfrí, eftir Evu Rún Þorgeirsdóttur, er þriðja bókin um jólasveininn góðkunnna og fjallar um hann Stúf sem er í sumarfríi og lætur sig dreyma um ferðalög til fjarlægra landa. Hann verður himinlifandi þegar Lóa vinkona hans býður honum að koma með sér alla leið til Ítalíu.

Stúfur skemmtir sér konunglega þegar hann kynnist ítalskri menningu og lendir í óvæntum ævintýrum í þessu besta sumarfríi lífs hans. Bókina prýða afar myndar, fallegar og fjörugar litmyndir eftir Blævi Guðmundsdóttur.

Þær Eva Rún og Blær gáfu einnig út Sumarþrautabók Stúfs sem er þrautabók með fjölbreyttum mynd- og orðaprættum og myndum til að lita sem allar

tengjast nýjustu bókinni um hann Stúf. Það er tilvalið að taka þessa tvennu með í sumarfríð!

Stúfur fer í sumarfrí er nýjasta bókin í Ljósaseríunni sem er metnaðarfullur bókaflokkur fyrir krakka, en í bóka-flokknum er að finna myndríkar barnabækur með fjölbreyttum efnis-tökum. Bækurnar eru allar eftir íslenska höfunda og myndlýstar af íslenskum teiknum.

Bækurnar eru misþungar en hafa allar þægilegt letur og rúmt línubil. Hægt er að gerast áskrifandi að klúbbum og fá þær krakkar senda glænýja bók inn um lúguna fjórum sinnum á ári.

#### Kennarinn sem fuðraði upp

Höfundurinn Bergrún Íris Sævarsdóttir sendi frá sér í vor æsispennandi krakkakrimma, Kennarinn sem fuðraði upp, sem er jafnframt fjórða bókin í kennarabókaflokknum geysivinsæla. Bergrún Íris er bæði höfundur texta og mynda.

Krakkarnir í BÖ-bekknum eru að jafna sig á öllu sem dunið hefur yfir undanfarið og Engilbert kennari, sem kom fram í síðustu

bók, var sem betur fer blásaklaus. Nú eru það vinirnir Óli Steinn og Axel sem segja söguna og fjallar sagan m.a. um vinskáp þeirra þegar óvænt afbrýðisemi skýtur upp kollinum. En einhver er með hræðileg og háleynileg áform sem munu breyta

þessu öllu og lífshætta steðjar að krökknum og þeir þurfa að glíma við leyndarmál og svik. Enn á ný reynir á samvinnu bekkjarfélaganna og ekki síst þeirra Óla Steins og Axels.

Kennarabækurnar hafa notið mikilla vinsælda bæði hjá börnum og unglungum. Fyrsta bókin í flokknum, Kennarinn sem hvarf, vann Bókmenntaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur árið 2019.

#### Bekkurinn minn - Hjólahetjan

Bekkurinn minn er vinsæl bóka-sería fyrir byrjendur í lestri eftir

textahöfundinn Yrsu Þöll Gylfadóttur og myndhöfundinn Þórunn Örnú.

Hjólahetjan fjallar um Jón Ingva sem lendir í vandræðum með hjólaálásinn sinn þegar hann fer með pabba í vinnuna. Feðgarnir þurfa að redda málu og lenda í óvæntri eftirfór á leiðinni heim.

Hver bók í bóka-flokknum Bekknum mínum er sögð frá sjónarhorni eins nemanda í íslenskum grunnskóla.

Lesandi fær því að kynnst fjölbreyttum verkefnum ólíkra barna, bæði innan og utan veggja skólans.

Sögurnar eru áhuga-verðar og spennandi, með góðum og fjölbreyttum orðaforða, aðgengilegu letri og rúmu línubili.

#### Bekkurinn minn - Lauflétt að lesa

Bekkurinn minn - Lauflétt að lesa er einfaldari útgáfa af hinum vinsæla bóka-flokki Bekknum mínum.

Þegar fyrstu bækurnar í seríunni Bekkurinn minn komu út sýndu viðtökurnar að það var greini-




legur skortur á lesefni fyrir nýlega læs börn. Það kom fljótt í ljós að jafnvel fluglæs börn hafa gaman af Bekknum mínum

og eru forvitin að kynnst öllum þessum ólíku börnum í bekknum, hverju með sína sögu og sjónarhorn. Enda endurspeglar bækurnar íslenskan veruleika sem flest grunnskóla-börn þekkja.

Fljótlega sáu höfundar að það vantaði líka skemmtilegt lesefni fyrir börn sem eru rétt farin að stauta sig fram úr orðum og setningum.

Það eru fáar þannig bækur til sölu á almennum markaði. Þá kviknaði hugmyndin að Lauflétt að lesa seríunni. Bækurnar eru enn þá léttari útgáfa af fyrri bókum: sama saga, sömu myndir, en textinn er enn einfaldari og letrið stærra.

Bókin Bekkurinn minn - Bjarni Frey, fjallar um Bjarna Frey sem finnst hann hafður fyrir rangri sök og ákveður að strjúka úr frístund með Mikael vini sínum. En ferðalagið endar á annan hátt en þeir héldu. Bókin Bekkurinn minn - Nadira fjallar um stúlkuna Nadiru sem er nýflutt til Íslands frá Írak. Nadira er feimin í fyrstu en hún er fljót að eignast vini og læra nokkur ný orð. ■



## Æðislegur vinskápur í sumfríð

Þótt við höfum verið langmest í barna- og unglingsbókmenntum þá höfum við aðeins verið að færa okkur yfir í afþreyingu fyrir fullorðna. Við bjóðum bæði bækur eftir innlenda og erlenda höfunda. Við gáfum út bók í fyrri eftir Ragnheiði Gestsdóttur sem nefnist Farangur en hún hlaut Blóðdropann 2022 fyrir bestu glæpasögu ársins 2021. Sömu höfunda höfum við gefið út fræðibækur eins og Lífið í lit um mikilvægi litagleði í umhverfi okkar og Húðin og umhírða hennar. Það má því segja að við komum víða við,“ segir Birgitta.

Hvorki Birgitta né Marta höfðu komið nálægt bókaútgáfu þegar þær réðust í að stofna Bókabeituna. „Það má segja að hver dagur hafi komið okkur á óvart en að hafi

skapi hefur þetta verið mjög skemmtilegt. Við þurftum að læra ansi margt og oft á hlaupum. Vegna þess að við vorum ekki bundnar af neinum fyrir fram gefnum hugmyndum um hvernig bókaforlag ætti að vera þá gerði maður stundum mistök til að læra af, annað gerðum við og komumst að raun um að það væri betra en áður hafði tíðkast.“


#### Sumarsprengja í strandhúsi

Bókabeitan gefur út bókina Sumar í strandhúsinu eftir Söruh Morgan sem er ein vinsælasta kilja sumarsins.

„Sarah er skoskur rithöfundur sem býr í Bandaríkjunum. Hún sendir frá sér tvær bækur á ári, aðra um sumar og hina á vetri. Í

nóvember kom út bókin Vetrarfrí í hálföldunum. Bækur Söruh hafa selst í meira en 25 milljónum eintaka í heiminum. Þetta var sjötta bókin sem var að koma út núna og þær hafa allar verið mjög vinsælar,“ segir Birgitta.

„Við munum halda áfram að gefa bækur hennar út hér á landi og vorum svo heppnar að fá nýjasta handritið áður en bókin var gefin út ytra þannig að hún kom samtímis út hér og í Bandaríkjunum. Sarah er öflug í því að taka fyrir aðstæður fólks sem flestir kannast við, ég sé til dæmis vinkonur mínar oft í bókum Söruh. Ég get alveg mælt með bókum hennar til að taka með í fríð,“ segir Birgitta og bendir á að bækur Söruh séu einnig fánlegar sem hljóðbækur.



Sarah Morgan er orðin eftirlætishöfundur margra íslenskra kvenna. Nýjasta bókin hennar er skemmtilegur félagi í sumarfríð.

#### Ný bók eftir metsöluhöfund

Á næstunni kemur út ný bók eftir Colleen Hoover sem er margfaldur metsölu- og verðlaunahöfundur. Þetta er fyrsta bókin sem þýdd er á íslensku og nefnist hún Þessu lýkur hér.

„Við erum mjög spenntar að kynna þennan höfund hér á landi,“ segir Birgitta, en hægt er að tryggja sér eintak í forsölu á heimasíðu Bókabeitunnar. Colleen Hoover höfðar mjög til yngri kvenna. Hún er aðeins þyngri en Sarah Morgan en er samt ekki þung og bókin er kynnt sem ástarsaga,“ segir Birgitta.



„Með haustinu koma síðan nokkrar nýjar bækur frá okkur, meðal annars frá Ragnheiði Gestsdóttur.“ ■

Nánar má kynna sér úrval bóka hjá Bókabeitunni á heimasíðunni bokabeitan.is þar sem þær eru jafnframt til sölu.



# Lesum saman!

Þú finnur bók  
fyrir barnið á  
forlagid.is og á  
Fiskislóð 39



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-17 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

# Það verður að virða áhugasvið barnsins

Foreldrar og kennarar hvetja börn og unglunga árlega til að nýta sumarið til lesturs. Ævar vísindamaður segir besta ráðið vera að hvetja þennan aldurshóp til að lesa einfaldlega það sem hann langar til að lesa og krakkarnir eigi að ráða ferðinni.

starri@frettabladid.is

Margir kennarar landsins kveðja börn og unglunga í upphafi sumars með þeim skilaboðum að þau ættu að reyna að vera dugleg að lesa yfir sumarið enda sýna leshraðamælingar á haustin að mörgum börnum fer aftur í lestrarhraða yfir sumarið.

Ævar Þór Benediktsson, best þekktur sem Ævar vísindamaður, hefur staðið fyrir fimm lestrarátökum undir heitinu Lestrarátak Ævars vísindamanns en í þeim hafa börn og unglingar lesið um 330 þúsund bækur. Hann segir besta ráðið, þegar kemur að því að hvetja unga lesendur til aukins lesturs yfir sumarið, vera það sama og hann notaði í lestrarátökum sínum. „Þetta er í raun ekkert flókið: lestu það sem þig langar til að lesa. Allan veturinn er krökkum sagt hvað þau eiga að lesa en núna er sumarið og krakkarnir eiga að ráða ferðinni.“

## Ekkert pláss fyrir snobb

Hann vill líka koma skilaboðum til foreldra og forráðamanna og eiginlega bara til allra fullorðinna yfir höfuð. „Það er ekkert pláss fyrir snobb þegar kemur að lestri barna og unglunga. Ef þau vilja lesa teiknimyndasögur eða bækur um Fortnite eða 300 blaðsíða bók með staðreyndum um fótbolta þá er það bara allt í lagi. Svo lengi sem þau yfir höfuð lesa erum við í góðum málum. Hvort að þér finnist þessar bækur vera merkilegar bókmenntir skiptir engu máli. Það verður að virða áhugasvið barnsins.“

## Lestur á ekki að vera kvöð

Þótt það skipti mjög miklu máli að viðhalda lestrinum yfir sumarið á hann þó aldrei að vera kvöð, segir Ævar. „Mér finnst ágætis regla að hafa alltaf bók einhvers staðar í næsta nágranni, hvort sem ég skrepp út á land í einn dag eða fer í viku til útlanda. Þá er hægt að gripa í hana hvenær sem er. Það er betra að hafa bókina innan handar, frekar en að fatta að þú gleymdir henni heima.“ Sumarbókmenntir Ævars eru



„Það er ekkert pláss fyrir snobb þegar kemur að lestri barna og unglunga,“ segir Ævar Þór Benediktsson, best þekktur sem Ævar vísindamaður. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDNN



„Svo lengi sem krakkar vilja lesa erum við í góðum málum,“ segir Ævar.



Það er skemmtilegt að gefa sér góðan tíma á bóka-safninu og velja góðar bækur. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDNN

og ljóðum fyrir sumartímann, sérstaklega ef þú átt börn í yngri kantinum og gætir þurft að hlaupa frá bókinni.“


## Árangursríkt lestrarátak

Fyrirnefnt lestrarátak Ævars vísindamanns tókst afar vel en kveikjan að því var hin eilífa umræða um minnkandi lestraráhuga og hvort að hann, sem Ævar vísindamaður, gæti nýtt vinsældir þátta sinna og karaktersins til að vekja áhuga á lestri á nýjan og áhugaverðan máta. „Og það tókst heldur betur. Átakið skilaði m.a. því að krakkar sem höfðu aldrei lesið neitt gripu bók og byrjuðu. Og þá er ég sáttur. Ég þarf ekkert meira en það.“

## Miklar annir fram undan

Nýjasta bók Ævars fór í dreifingu í síðustu viku en hún heitir Þín eigin saga: Sæskrímsli, og er æsispennandi ævintýri þar sem lesandinn ræður hvað gerist. „Risakol-

krabbar, enn stærri hákarlar og hungraðar hafmeyjur svamla milli blaðsíðna og reyna að göma lesandann. Þetta er fullkomin bók til að lesa á ströndinni í sumar. Eða í baði. En auðvitað líka á þurru landi. Fram undan hjá mér á árinu eru svo fleiri bækur. Næsta bók ber heitið Skólaslit og er uppvakningahrollveikja sem kemur út snemma í haust. Sú bók mun vera ein sú eigulegasta sem ég hef sent frá mér, án þess að ég kjafti því strax hvernig hún mun líta út. Svo kemur eitthvað allt annað frá mér fyrir jóln, sem aldrei þessu vant verður ekki Þín eigin-bók, líkt og síðustu átta árin. Þannig að það er nýr kafli að hefjast.“ ■



Bækurnar um Harry Potter áttu stóran þátt í auknum lestri barna og unglunga á sínum tíma.

nokkurn veginn þær sömu og allt árið; hrollveikjur og teiknimyndasögur. „Ævisögur listafólks eru líka eitthvað sem mér finnst mjög gaman að lesa, þar leynast oft lítill gullkorn og góð ráð. Þá mæli ég sömuleiðis með smásögum

## Afi allra landsmanna.



Hlusta núna!



storytel

# Eins og bíómynd sem er hlustað á

Það hefur verið nóg að gera hjá Storytel á Íslandi það sem af er ári. Áherslan hefur verið á svokallaðar hljóðseríur, sögur í nokkrum hlutum þar sem hljóðheimurinn spilar stórt hlutverk. Lesarar lesa fyrir hverja persónu og frumsamin tónlist kemur jafnvel við sögu.

Í mars kom út hljóðserían Hundrad óhöpp Hemingways eftir Lilju Sigurðardóttur, en þær Elísabet Hafsteinsdóttir útgáfustjóri og Sóla Þorsteinsdóttir framleiðslustjóri, segja að ekkert hafi verið til sparað í framleiðslunni.

„Hundrað óhöpp Hemingways er önnur af tveimur hljóðseríum sem eru komnar út á þessu ári en það eru fleiri í pípunum,“ segir Elísabet.

„Hin hljóðserían sem er komin út heitir Handritagildran – Bókabjófurinn kjöldreginn, og er eftir Friðgeir Einarsson,“ segir hún og útskýrir að hljóðseríur séu í anda hlaðvarpa, nema þær eru alltaf byggðar á handriti.

„Við gerð þessara hljóðsería höfum við verið að leika okkur með hljóðbókaformið, taka það á næsta stig,“ segir Sóla.

„Við framleiðslu hefðbundinna hljóðbóka höfum við alltaf lagt mikinn metnað í að finna réttu lesarana og pössum að allt sé eins og best verður á kosíð. Í hljóðseríum er þó ekki einn lesari eins og í venjulegum hljóðbókum. Til dæmis í Hundrad óhöppum Hemingways var Lilja Sigurðardóttir sögumaður en Örn Árnason lék Hemingway á móti henni. Svo voru tugir af öðrum persónum sem voru lesnar inn af öðrum lesurum. Lesararnir komu bæði í stúdíóið og lásu á móti Erni eða komu sjálfir og lásu og við klipptum efnið svo saman. Þetta var mikið þús!“

Sóla bætir við að einnig hafi verið mikið af hljóðskreytingum og flott stef bæði í Hundrad óhöppum Hemingways og Handritagildrunni.

„Friðgeir sem skrifaði Handritagildruna tók viðtöl og fékk alls kyns hljóðbúta inn í verkið. Hann var svolítið að leika sér með formið og mörk raunveruleika og skáldskapar,“ segir hún.

## Fjölbreytt barnaefni

Á þessu ári hefur áhersla einnig verið lögð á útgáfu frumsamans barnaefnis á Storytel. Nýlega kom út fyrsta bókin í nýrri bókaseríu eftir Felix Bergsson um tvíbura-systkinin Freyju og Frikka, en næsta bók kemur út í ágúst.

„Í Freyju og Frikka nýtum við hljóðbókaformið mjög skemmtilega. Þau eru tvíburar og lesararnir eru tveir, Felix Bergsson og tengdadóttir hans, Þuríður Blær Jóhannsdóttir. Þau leika söguna mikið og svo bætum við inn alls kyns hljóðskreytingum og stefi,“ segir Elísabet.

„Auk þess erum við að gefa út Sögustund með afa, með afa okkar allra, Erni Árnasyni. En svo er það Trölladans, það er alveg epískt verk. Þetta er rokksöngleikur fyrir börn, sérstaklega saminn fyrir hljóðbókarformið. Þar er alveg svakalega flott frumsamin tónlist og ég veit ekki hversu margir lesarar komu að verkinu,“ bætir Elísabet við.

„Auk þess erum við að fara að gefa út fræðsluefni fyrir börn í júlí með þeim Sævari Helga Bragasyni og Sigyn Blöndal. Það hefur sannarlega verið nóg að gera í útgáfu barnaefnis hjá okkur, og nóg fram undan í sumar fyrir börn að hlusta á.“



Elisabet Hafsteinsdóttir og Sóla Þorsteinsdóttir segja margar spennandi sögur hafa komið út hjá Storytel nýlega, þar sem hljóðheimurinn leikur stórt hlutverk.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

**Við gerð þessara hljóðsería höfum við verið að leika okkur með hljóðbókarformið, taka það á næsta stig.**

Sóla Þorsteinsdóttir

## Ný sería á föstudaginn

Föstudaginn 1. júlí kemur svo út ný hljóðsería hjá Storytel sem Sóla segir að hinar hljóðseríur sem hafi verið hálfgerð upphitun fyrir.

„Þar erum við að fara alla leið með hljóðheiminn og keyrum allt í gang. Við erum með fimm lesara saman í stúdíóinu sem leika á móti hverjum öðrum og með leikstjóra sem stýrði öllu með glæsibrag. Hljóðheimurinn í verkinu er gegnumgangandi frá upphafi til enda. Hlustandinn gengur alveg inn í hljóðheiminn með aðalpersónunni,“ segir hún.

Hljóðserían heitir Skerið: 13 dagar undir sólinni og er eftir Áslaugu Torfadóttur og Ragnar Egilsson sem unnu hugmyndasamkeppni Storytel í fyrra með þessu verki.

„Þetta er búið að vera lengi í vinnslu hjá okkur og engu til sparað. Haraldur Ari Stefánsson er í aðalhlutverki sem hinn misheppnaði Ási og gerir þetta frábærga. Svo eru fleiri góðir leikarar með honum, þau Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Stefán Hallur Stefánsson, Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir og Svandís Dóra Einarisdóttir. Friðrik Sturluson sér svo um að púsla þessu öllu saman og glæða hljóðheiminn lífi. Hann er okkar séné þegar kemur að hljóðsetningu,“ segir Sóla.



Margir þekktir leikarar ljá sögupersónum rödd sína.

MYND/ABSEND



Trölladans er rokksöngleikur fyrir börn, frumsaminn fyrir Storytel.

## Hljóðbókin gjörbreytt kiljumarkaðnum

„Við finnum fyrir mikilli aukningu í hlustun hljóðbóka yfir sumartímann. Þess vegna leggjum við svo mikið upp úr sumarútgáfunni okkar. Það má þannig segja að hljóðbókin

sé orðin mjög stór hluti af sumarkiljumarkaðnum og hafi í raun og veru gjörbreytt honum. Sumar kiljur eru einfaldlega betri sem hljóðbækur. Við sáum stóruaukningu í hlustun í Covid heimsfaraldrinum þar sem fólk hlustaði í auknum mæli í sumarfríinu og gleðjumst yfir því að sú breyting virðist ekki ætla að ganga til baka,“ segir Elísabet.

Í sumar er þannig einnig von

á hefðbundnari hljóðbókum hjá Storytel.

„Um miðjan júlí kemur út ný glæpasaga sem heitir Andnaud og er eftir Jón Atla Jónasson leikskáld og rithöfund. Einnig komum við til með að gefa út bókina Trúnað, eftir nýjan og upprennandi rithöfund, Rebekku Sif Stefánsdóttur. Þar eru fimm raddir jafnmargra vinkvenna sem allar segja sína hlið af sögunni,“ segir Elísabet.

„Þetta eru frumútgáfur sérstaklega skrifaðar fyrir hljóðbókarformið, líkt og önnur verk sem við höfum talað um,“ bætir hún við.

„Við höldum áfram að einbeita okkur að hefðbundnari hljóðbókum í haust, þar sem heilar sögur eru sagðar í einni lengri bók. En við höldum líka aðeins áfram með hljóðseríuformið og gefum meðal annars út eina stóra hljóðseríu í haust,“ segir Elísabet.

Elísabet segir að hljóðseríuformið sé ekki alveg nýtt hjá Storytel.

„Sönn íslensk sakamál komu út hjá okkur árið 2020. Ég myndi segja að það hafi verið fyrsta


**En svo er það Trölladans, það er alveg epískt verk. Þetta er rokksöngleikur fyrir börn, sérstaklega saminn fyrir hljóðbókarformið.**

Elísabet Hafsteinsdóttir


hljóðserían. En við erum alltaf að ýta forminu lengra og lengra. Til dæmis með því að samþætta það við leik,“ útskýrir hún.

„Það er gaman að fá tækifæri til að nýta okkur hljóðbókarformið jafn vel og við erum að gera,“ segir Sóla. „Það er ekki bara verið að lesa sögu heldur skapa nýjan hljóðheim sem þú gengur alveg inn í. Eins og í bíómynd, nema þú ert bara að hlusta.“ ■

# Nóg að lesa í sumar



Liðin tíð  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Gísl  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Þegar kóngur kom  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.




Maðurinn sem dó tvisvar  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Dalurinn  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Nágrannavarsla  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.



Systirin í storminum  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Upplausn  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Þú sérð mig ekki  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.

„Alvaran er mun hættulegri smitsjúkdómur en hláturinn“

- Svava Jakobsdóttir

# Enn bætist í úrval frábærra bóka hjá okkur fyrir sumarið!




Sumar í strandhúsinu  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.299 KR.




500 mílur frá mér til þín  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Gestalistinn  
**3.599 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.159 KR.




Morðið í Öskjuhlíð  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Leyndarmálið  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.




Elskhuginn  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Staðurinn  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Hin óhæfu  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.



Nætursöngvarinn  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



# Krimmar og ástarsögur vinsælar

Þýddar skáldsögur gefa lesandanum tækifæri til að kynnast ólíkri menningu og sjónarhorni sem er annað en það sem fæst í íslenskum sögum. En sumar skáldsögur falla ekki í kramið hér á landi þrátt fyrir vinsældir erlendis.

sandragudrun@frettabladid.is

Elin Edda Pálsdóttir er verkefnastjóri útgáfu hjá Forlaginu en hluti af hennar starfi er að finna erlendar bækur til þýðingar.

„Ég sé um að kaupa útgáfuréttindi fyrir erlendu bækurnar sem við þýðum og gefum út. Ég er í miklum samskiptum við erlend útgáfufélög og umboðsaðila og fæ gríðarlegt magn af handritum send. Ég reyni því að lesa sem allra mest og fá góða yfirsýn yfir það sem er að gerast á erlendum mörkuðum og fæ líka aðra til að lesa með mér og þæla og skoða,“ segir Elin Edda.

„Það er margt sem virkar erlendis sem virkar ekki hér. Ég fæ kannski í hendurnar bók sem er metsölubók á Ítalíu en finn að myndi kannski ekki virka jafn vel fyrir íslenska lesendur. Það er engin ein ástæða fyrir því og misjafnt eftir bókum,“ útskýrir hún.

„Það er í rauninni það skemmtilegasta við að lesa þýddar bækur að kynnast öðrum menningarheimum og samfélögum, en stundum finnur maður að það er kannski eitthvað hvernig aðalpersónur haga sér eða annað sem maður tengir ekki alveg við og finnur að myndi ekki falla í kramið hér á Íslandi. Það þarf bara svolítið að vega og meta hverja bók. En ef okkur list mjög vel á bók þá reynum við að tryggja okkur útgáfuréttinn og útvega góðan þýðanda til að koma henni yfir á íslensku,“ segir hún.

**Velur bækur fyrir bókaklúbbana**  
Stór hluti af starfi Elínar Eddu er að velja bækur fyrir bókaklúbba Forlagsins.

„Ég kaup þýðingarréttindi að barnabókum og stundum vel ég líka handbækur til að þýða. En stærsti hlutinn af því sem við kaupum inn eru þýddar skáldsögur fyrir Ugluklúbbinn, sem er einn elsti bókaklúbbur á landinu. Þá fá áskrifendur sendar bækur sex sinnum á ári, tvær bækur í einu. Við erum líka með krimmaklúbb sem heitir Hrafninn, og annan með bækur eftir kvenhöfunda



Elin Edda Pálsdóttir sér um að velja skáldverk til þýðingar hjá Forlaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það er í rauninni það skemmtilegasta við að lesa þýddar bækur að kynnast öðrum menningarheimum og samfélögum.“

Elin Edda Pálsdóttir

sem heitir Handtöskuklúbburinn en í þeim fær maður eina bók sex sinnum á ári, og allt á mun lægra verði en úti í búð. Við þurfum að hafa það í huga hvort bækurnar sem við kaupum inn passi inn í þessa klúbba,“ upplýsir Elin Edda.

Hún segir að þær þýddu skáldsögur sem virki best hér á Íslandi séu spennusögur og krimmar auk skáldsagna.

„Þá mega skáldsögurnar gjarnan fjalla um sammannleg efni eins og ást og átök, fjölskyldur, til dæmis flottar dramatískar sögur eins og sögulegar skáldsögur. Við erum með nokkuð svipaðan smekk og lesendur á hinum Norðurlönd-

unum svo ef einhverjar bækur hafa gengið vel þar er það nokkuð góð vísending um að þær muni slá í gegn hér líka. Maður getur samt aldrei verið viss, þetta eru ekki mjög nákvæm vísindi.“

Elin segir að hún muni samt ekki eftir að hafa gefið út bók sem hafi gengið mun betur en von var á.

„Við kaupum auðvitað bara inn þær bækur sem við höfum alveg tröllatrú á, svo engin hefur komið rosalega á óvart. En það var gaman að sjá hvað bækurnar hans Roy Jacobsen höfðu vel til íslenskra lesenda. Síðasta bókin í seríunni hans um fólkið á Barrey var að koma út á þessu ári og hún sló algjörlega í gegn. Svo var að koma út snemma á þessu ári bók sem heitir Stuldur eftir Ann-Hélen Laestadius. Mér finnst gaman að sjá hvað hún hefur fengið jákvæðar umsagnir frá lesendum á samfélagsmiðlum,“ segir hún.

„Bókin fjallar um stelpu sem er Sami í Norður-Svíþjóð og lýsir með mjög áhrifamiklum hætti átökunum á milli Sama og Svía, sem er heimur sem Íslendingar þekkja ekki endilega vel en er áhugavert að fræðast um. Við gáfum líka út Stúlka, kona, annað í fyrra eftir Bernadine Evaristo. Það var rosalega flott að sjá hvað henni var vel tekið og hún höfðaði til breiðs



Elin Edda mælir með bókinni Inngangur að efnafræði sem kom út í júní.

hóps, þó hún sé ansi óhefðbundin í uppbyggingu og stíl.“

**Fullkomin bók í friid**

Elin Edda segir Íslendinga gjarnan kaupa þýddar bækur til að hafa með í friid og bækurnar séu því oft meiri afþreyingarbækur heldur en þær skáldsögur sem koma út eftir íslenska höfunda fyrir jóln.


„Þetta eru oft krimmar og

ástarsögur. En Íslendingar hafa því miður ekki verið mikið í því að skrifa ástarsögur, þeir mættu alveg gera meira af því. Það er samt einstaka íslenskur höfundur sem kemur fram. Ása Marín hefur til dæmis gefið út rómantískar ferðasögur hérna hjá Forlaginu, en það er alveg markaður fyrir meira af rómantískum sögum,“ segir hún.

Aðspurð að því hvort hún mæli sérstaklega með einhverri nýútkominni þýddri skáldsögu nefnir hún Inngangur að efnafræði eftir Bonnie Garmus sem kom út núna í júní.

„Það er æðisleg skáldsaga. Hún minnir svolítið á stemninguna í Mad Men og Queens Gambit ef maður á að vísa í sjónvarpsþætti. Sagan gerist á 7. áratugnum, söguhetjan er sterk kona sem er algjör efnafræðisnillingur en fær ekki þau tækifæri sem hún ætti að fá í karlaheimi. Hún gerist óvænt sjónvarpskókkur og nálgast matreiðsluna á afar vísindalegan hátt, sem er mjög fyndið. Þetta er líka falleg og sorgleg ástarsaga. Þessi bók hefur rosalega margt við sig. Hún kom mér skemmtilega á óvart en hún hefur slegið í gegn í mörgum löndum á þessu ári, til dæmis í Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi,“ segir Elin Edda og bætir við að þetta sé fullkomin bók í friid. ■

## Ævintýralegt tröllarokk.



Hlusta núna!



storytel original

storytel



Áslaug Torfadóttir og Ragnar Egilsson eru handritshöfundar Skersins, sem byrjar að koma inn á Storytel á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Glæný og vönduð hljóðsería frá Storytel

Þann 1. júlí byrjar sex hluta hljóðserían „Skerið: 13 dagar undir sólinni“ að koma inn á Storytel. Sérían vann hugmyndasamkeppni Storytel á síðasta ári og frásögnin er túlkuð af frábærum leikurum og studd með ríkum hljóðheimi.

Skerið: 13 dagar undir sólinni er glæný hljóðsería sem vann Eyrað, hugmyndasamkeppni Storytel, árið 2021. Fyrsti hluti seríunnar kemur út 1. júlí og svo kemur nýr hluti á hverjum degi til 6. júlí. Handritshöfundar seríunnar eru þau Áslaug Torfadóttir og Ragnar Egilsson.

„Það má segja að með seríunni sé Storytel að færa hljóðbók á næsta stig, því þetta er leikin saga,“ segir Áslaug.

### Þvört kómedía um ólukkulegan Íslending í útöndum

„Þetta minnir svolítið á útvarpsleikrit, þó að það sé ekki orðið yfir þetta, þar sem frábær leikarahópur sér um að túlka söguna,“ segir Ragnar. „Sagan fjallar í stuttu máli um ólukkulegan Íslending á miðjum aldri sem fer á djammíð á Tenerife en vaknar svo á eyju sem hann kannast ekki við og man ekki eftir að hafa komið þangað. Svo hefst atburðarás sem hann ræður lítið við, þar sem hann er að reyna að svara spurningum eins og hvar hann er, hvernig hann komst þangað, hvaða fólk er þarna og hvað er í gangi. Þetta er blanda af gríni og drama og það má segja að þetta sé þvört kómedía með smá fantasíu „elementí“.

Við fengum hugmyndina að sögunni þegar við vorum í frii á Tenerife sem var alltof langt og við vorum orðin eirðarlaus undir lokin,“ bætir Ragnar við. „Þannig að við fórum að pæla í þessum manni sem hefur sína djöfla að draga, hvernig hann bregst við þegar hann er settur í þessar aðstæður og hvaða breytingar verða á honum.“

„Hann þarf að eiga við framandi aðstæður og horfast í augu við sig og sína fortíð,“ segir Áslaug.

„Aðalpersónan er eiginlega sögumaðurinn, sagan er sögd í gegnum hálfgerða dagbók sem hann er að taka upp á meðan þetta gerist og hann leiðir okkur í gegnum þetta. En það er líka stór hópur af öðrum persónum sem koma við sögu,“ segir Ragnar. „Þetta er svona eldhress sjomlatýpa og við erum að gera létt en góðlátlegt grín að ákveðinni típu af Íslendingum. Okkur þykir mjög vænt um þennan karakter og okkur er hugleikið að tala um íslenska þjóðarkarakterinn og kryfja þjóðina gegnum persónur. Þetta er ekki þjóðfélagsgagnrýni, við erum bara að velta fyrir okkur einkennum okkar.“

Hver hluti er um 40-45 mínútur að lengd, þannig að þetta er töluvert af efni, svo fólk ætti ekki að leiðast. Eða vonandi ekki,“ segir Ragnar léttur.

### Ríkur hljóðheimur styður við frásögnina

„Á síðustu árum er margt búið að breytast varðandi hvernig við neytum alls kyns afþreyingarefnis, hvað er hægt að gera tæknilega og hvernig er hægt að setja svona efni fram,“ segir Ragnar. „Í seríunni er til að mynda ríkur hljóðheimur sem styður frásögnina.“

„Það eru ekki bara leikarar að lesa og leika, heldur eru alls kyns hljóð, brellur og annað slíkt líka notað,“ bætir Áslaug við.

„Í rauninni er þetta bara eins og þáttasería á streymisveitum, nema það er engin mynd,“ segir Ragnar. „Það getur verið mjög hentugt þegar maður er að gera eitthvað sem maður þarf að nota augun í en vill samt njóta skáldskapar. Eins og til dæmis þegar maður er í bíl, að skokka, sinna börnum eða taka til.“

### Fyrsta serían af sinni tegund

Hljóðserían verður bara aðgengileg á Storytel, en það var ákveðið

Þetta er svona eldhress sjomlatýpa og við erum að gera létt en góðlátlegt grín að ákveðinni típu af Íslendingum. Okkur þykir mjög vænt um þennan karakter.

Ragnar Egilsson

að framleiða hana eftir að Áslaug og Ragnar unnu Eyrað, hugmyndasamkeppni Storytel.

„Ég held að Storytel hafi ekki gert sambærilega seríu hér á Íslandi áður og þetta sé jafnvel eitt af fyrstu dæmunum um þetta á heimsvísu,“ segir Ragnar. „Það er mjög nýlegt að fyrirtækið frumframleiði svona efni, en ekki bara hljóðbækur. Þetta er svolítið áhugavert og hefur verið mjög skemmtilegt verkefni. Það hafa ýmsar áskoranir fylgt því að eiga við nýjan miðil og það krefst útsjónarsemi að segja söguna svona.“

Áslaug tekur undir þetta: „Já, án myndar þarf maður að hugsa svolítið öðruvísi. Ég get ekki sagt að við höfum alveg vitað hvað við vorum að fara út í, en við lærðum á ferðinni. Þetta er búið að vera mjög lærdómsríkt og skemmtilegt verkefni og við erum mjög ánægð með afraksturinn.“

### Teymi sem virkar

„Handritasamkeppnin Eyrað hefur verið haldin nokkrum sinnum. Hingað til hefur verið óskað eftir handritum að hljóðbókum, en í ár var auglýst eftir hugmyndum að hljóðseríum,“ segir Áslaug.

„Við ákváðum að láta reyna á að vera með en það voru send inn yfir 20 handrit. Við höfum verið að vinna í handritum hér og þar en þó að við séum trúlofuð erum við bara nýlega byrjuð að vinna saman,“ segir Ragnar.

„Við sáum þetta auglýst og okkur



„Skerið: 13 dagar undir sólinni“ fjallar um ólukkulegan Íslending á miðjum aldri sem fer á djammíð á Tenerife en vaknar svo á eyju sem hann kannast ekki við og man ekki eftir að hafa komið þangað.

hálf leiddist í þessari Tenerife-ferð, svo við ákváðum bara að klambra þessu saman og senda inn,“ segir Áslaug. „Það var ótrúlega gaman að vinna. Þetta er í fyrsta sinn sem við vinnum saman að svona skapandi verkefni og það er rosalega skemmtilegt að fá staðfestingu á að það væri vit í að vinna saman. Svo erum við búin að vera á fullu að klára að skrifa og koma þessu til Storytel.“

„Já, við erum líka með mörg plön og ætlum að halda áfram að vinna saman, hvort sem það verður á þessum miðli eða öðrum,“ segir Ragnar.

„Við stefnum ótrauð á það, hvort sem það verður önnur hljóðsería, kvikmynd eða sjónvarpsþættir,“ bætir Áslaug við.

### Mjög ánægð með leikarana

„Það er mikið talað um að þessi

geiri sé vaxandi á heimsvísu og það sé mikil og vaxandi þörf fyrir efni fyrir aðstæður þar sem er ekki hægt að glápa. Það er verið að framleiða svona svipaðar kaflaskiptar seríur með stórleikurum úti í heimi,“ segir Ragnar. „Þetta er það nýjasta í þessum máli.“

„Við erum líka ótrúlega ánægð með hvað við fengum góðan hóp af leikurum til að hjálpa okkur að blása lífi í söguna,“ segir Áslaug. „Það er mikill metnaður lagður í þetta. Við fengum að fylgjast með tökunum og það var rosalega gaman að sjá þennan flotta leikarahóp setja þetta saman.“

„Já, það var gaman að sjá þau leggja allt í þetta og samstarfið við Storytel í heild hefur verið alveg frábært,“ segir Ragnar.

„Við viljum endilega hvetja alla til að fá sér áskrift og prófa að hlusta,“ segir Áslaug að lokum. ■

# Mikilvæg þjónusta fyrir þau sem geta ekki lesið

Hljóðbókasafn Íslands er nýbúið að fagna 40 ára afmæli. Á þessum tíma hefur þjónustan og hlutverkið breyst töluvert og það stefnir í frekari breytingar samhliða aukinni tækni og viðurkenningu á því að aðgengi að bókum og upplýsingum sé nauðsynlegt fyrir þau sem ekki geta lesið prentað mál.

oddurfreyr@frettabladid.is

„Hljóðbókasafn Íslands er fyrir þau sem geta ekki nýtt sér almenningsbókasöfn, sem eru mikilvægur hluti af því að tryggja öllum í lýðræðisþjóðfélagi sama aðgang að upplýsingum,“ segir Marín Guðrún Hrafnadóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands. „Þau sem eiga erfitt með að lesa prentað mál eru stór hópur og safnið þjónar þeim, en það eru blindir, sjónskertir, lesblindir og fólki sem til dæmis vegna sjúkleika getur ekki haldið á bók.“

## Lokað safn og aðeins fyrir ákveðinn hóp

„Safnið hefur verið rekið sem ríkisstofnun síðan árið 1982 og hét áður Blindrabókasafn Íslands, en nafninu var breytt um það leyti sem lesblindir voru orðnir stærsti hópurinn. Það þarf að liggja fyrir vottorð um að viðkomandi geti ekki lesið prentað mál til að geta nýtt þjónustu okkar, þannig að við erum ekki fyrir alla,“ útskýrir Marín. „Lánþegar eru engu að síður um 15 þúsund, svo þetta er töluvert hópur og stærsti hópurinn er lesblindir og sjónskertir. Lesblindum er einfaldlega sinnt betur í dag en áður og við erum í góðum tengslum við sérkennara skólanna. Nú er komin meiri þekking á lesblindu og hún viðurkennd í samfélaginu og þá er frábært að til sé safn eins og þetta sem aðstoðar stóran hóp. Það hefur líka orðið mikil bylting í tækninni almennt, bæði fyrir blinda og þá sem eiga erfitt með að lesa texta.“

Safnið uppfyllir samninga varðandi þjónustu við einstaklinga með fötlun og þannig sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi þeirra,“ segir Marín. „Við fundum það sérstaklega vel í Covid, þegar flestir lögðust í Netflix, hvað félagslega hlutverkið okkar er mikilvægt, en þá urðum við oft aðalmiðlun á afþreyingu fyrir stóran hóp sem því miður einangraðist verulega. Það eru mörg sem reida



Marín Guðrún Hrafnadóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands, segir að safnið sé orðið mjög tæknivætt, til að geta þjónað þeim sem geta ekki lesið prentað mál, sem allra best.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

Það þarf að liggja fyrir vottorð um að viðkomandi geti ekki lesið prentað mál til að geta nýtt þjónustu okkar, þannig að við erum ekki fyrir alla. Lánþegar eru engu að síður um 15 þúsund, svo þetta er töluvert hópur.

Marín Guðrún Hrafnadóttir

sem betur fer mjög vel út úr þjónustukönnunum og erum þakklát fyrir það. Við reynum að vera vel vakandi fyrir því hvernig við nýtum fjármagn sem best og að koma til móts við afar fjölbreyttar kröfur þess ólíka hóps sem við sinnum,“ segir Marín.

## Spennusögur, ástarsögur og ekki bara íslenska

„Það sem er vinsælast hjá okkur er á pari við önnur bókasöfn. Á þessum árstíma eru það spennusögur og þægileg sumarlesning sem rennur út. Nýjar ástarsögur eins og Kvöld eitt á eyju eða bakarískurnar svokölluðu eru vinsælar, sem og spennusögur eins og Natríumklóríð eftir Jussi Adler-Olsen og Brotin bein eftir Angelu Marsons. Við erum líka nýlega búin að lesa inn Reimleika eftir Ármann Jakobsson og íslensku höfundarnir eru alltaf mjög vinsælir,“ segir Marín. „Við reynum að vera fljót með það sem er helst í gangi, en það tekur um þrjár til fjórar vikur að gera bók aðgengilega og setja inn á safnið og stundum lengur, því miður. Það er töluvert vinna við að gera bækur aðgengilegar og því tekur þetta allt tíma.“

Það vita ekki allir að við erum ekki bara með bækur á íslensku, heldur er virkt millisafnalán milli Norðurlandanna og einnig á safnið töluvert af enskum bókum,“ segir Marín. „Fólkið sem við erum að þjónusta á rétt á þessum millisafnalánum og það á ekki að skipta máli hvar í heiminum þú glímir við sjónskerðingu, lesblindu eða annað, nú þegar Ísland og öll hin Norðurlöndin hafa fullgilt Marrakesh-sáttmálann, sem kveður á um að þessi þjónusta eigi að vera möguleg þvert á landamæri.“ ■

sig algjörlega á okkur og eins gott að við stöndum okkur.“

## Allt safnið í smáforriti

„Á þessum 40 árum sem hafa liðið frá stofnun safnsins hefur tæknin breyst mikið og safnið er orðið mjög tæknivætt. Langflest hlusta í gegnum smáforrit í síma en við erum reyndar líka ennþá að senda geisladiska til þeirra sem það kjósa, því við viljum þjónusta alla og líka þau sem treysta sér ekki til að læra á nýja tækni,“ segir Marín. „En sá hópur fer minnkandi.“

Smáforritið okkar er í grunninn danskt og þar er allt safnið og auðvelt að finna bækur. Þar geta öll sem eru skráð hjá okkur hlustað en einnig er hægt að nota vefspilarann eða hringja í okkur og panta geisladiska. Kosturinn við að hlusta í appi eða á vef er sá að þá er auðvelt að hætta bara að hlusta ef fólki list ekki á bókina, en í gamla daga þegar fólk þurfti að fá sendar segulbandspólur eða geisladiska var það erfiðara,“ segir Marín. „Þannig að þjónustan hefur í raun stórbátnað.“

## Nafnið kannski ekki nægilega gegnsætt

„Það hafa orðið gríðarlegar breytingar í hljóðbókaútgáfu síðustu ár og þær eru orðnar mjög vinsælar. Þessi þróun hefur haft áhrif á okkur, sem er hið besta mál, og við erum farin að kaupa meira af tilbúnum hljóðbókum beint

af útgefendum, en árið 2021 voru þær 19% af heildinni,“ segir Marín. „Þetta hefur gerst hratt, því fyrir fimm árum var enginn að gefa út hljóðbækur, en nú eru útgefendur farnir að snúa sér mikið að þeim, sem er frábært. Það þýðir að við getum bent fólki sem leitar til okkar en hefur ekki rétt á að nýta þjónustuna okkar, á þessar bækur. Á litlu málsvæði er líka gott að vera í þessari samvinnu með útgefendum og vonumst við til þess að sá þáttur eigi eftir að aukast.“

Þrýstingurinn á að við opnum safnið fyrir alla hefur um leið minnkað. Sumt fólk veit kannski ekki alveg út á hvað starfsemi gengur og áttar sig ekki á að við erum með undanþágu frá höfundarrétti vegna þess að við höfum þessa lögbundnu skyldu að þjóna tilteknum hópi,“ segir Marín. „Við erum til að mynda undanþegin því að greiða höfundarréttargreiðslur. En við gerum grein fyrir útlánum og rithöfundar fá greitt fyrir þau úr deilissjóði bókasafna og eins fá rithöfundar og þýðendur svokallaðar bótagreiðslur.“

Þetta er allt útskýrt í 19. grein höfundalaga. Þar sem bókasafnið er ekki rekið í hagnaðarskyni og við erum hjálpartæki fyrir tiltekinn hóp höfum við ýmis réttindi til að gera efni aðgengilegt fyrir þau sem á þurfa að halda,“ segir Marín. „Þetta aðgengi er lykilatriði og nú eru til dæmis öll Norðurlandasöfnin að breyta nöfnum sínum svo að

aðgengi komi fram í nafninu. Mér finnst líklegt að það verði gert hér á landi líka, svo það sé kristaltært fyrir hverja við störfum og hvert hlutverk okkar er.“

## Sífelld meiri áhersla á aðgengi

„Kjarninn í starfsemi okkar gengur út að gera bækur aðgengilegar fyrir okkar hóp eins fljótt og vel og hægt er. Til að gera það þurfum við að vera vakandi fyrir tækninýjungum og því erum við í ýmiss konar samstarfi við Norðurlandasöfnin,“ segir Marín. „Það er líka komin töluvert rík krafa um að bók sé ekki bara til á hljóðformi, heldur fylgi texti með. Við erum að feta okkur í þessa átt.“

Það eru miklar breytingar að verða í löggjöf og til dæmis er Evróputilskipun sem á að taka gildi 2025, sem kveður á um að bók skuli vera aðgengileg frá upphafi, eða „fædd“ aðgengileg. Þá er ábyrgðin sett á útgáfufyrirtækin varðandi aðgengi,“ segir Marín. „Auðvitað verður þetta dýrt fyrir þessi fyrirtæki og erfitt fyrir litlar útgáfur, enda er gert ráð fyrir ýmsum undanþágum í löggjöfinni. Við fylgjumst vel með þessu og kannski mun hlutverk okkar breytast í takti við þessar og aðrar breytingar. Við erum í það minnsta tilbúin að vera stuðningsaðili fyrir útgefendur þegar kemur að aðgengi.“

Við leggjum líka gríðarlega áherslu á góða þjónustu og komum

# Ný íslensk hljóðsería.





Væntanleg  
1. júlí



storytel



# FULLKOMNAR Í FRÍIÐ



Sannkallaður yndislestur.

Náðu þér í kilju fyrir fríið  
á forlagid.is eða í Bókabúð  
Forlagsins á Fiskislóð 39.

 **LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA**

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-17 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

# Sumar kiljur eru fullkomnar sumarkiljur

„Góðan daginn og gleðilegt lestrarsumar!“ Þannig tekur bókaútgefandinn Ásmundur Helgason brosandí á móti blaðamanni þegar hún mætir til að spyrja út í bókabransann og útgáfuna í sumar.

„Við hjá Drápu erum með lítið bókaforlag, svona fjölskyldudæmi. Þegar þarf að taka á því, til dæmis setja Ísadóru Nótt-bækur í umslög til áskrifenda, þá er hóað í fjölskyldumeðlimi til að hjálpa,“ upplýsir Ásmundur kátur.

„Svo eru nú tvær magnaðar konur eiginlega komnar inn í þessa útgáfufjölskyldu okkar. Ingunn Snædal þýðir allar bækurnar sem koma út í sumar hjá okkur, og allar okkar bækur fara um hendur Arndísar Lilju Guðmundsdóttur sem brýtur þær um og hannar kápur.“

**Undir yfirborðinu er algerlega magnaður spennutryllir þar sem lesandinn veit ekki hverju hann á að trúá. Hver er að gaslýsa hvern?**

## Mest selda kilja landsins

Í fyrra gaf bókaforlagið Drápa út 21 bók, sem var metfjöldi hingað til.

„Þá var það Bréfið eftir Kathryn Hughes sem sló heldur betur í gegn hjá okkur. Hún var mest selda kilja landsins og er enn að seljast. Við vorum nú að panta fjórðu prentun af Bréfinu og nú er líka hægt að hlusta á bókina á Storytel,“ greinir Ásmundur frá.


Útgáfan hjá Drápu í ár er ekki síður fjölbreytt og spennandi.

„Þar á meðal eru spennusögur, ástarsögur, barnabækur, veiðibók, afar sérstök matreiðslubók og íslenskur krimmi eftir nýjan rithöfund. Mest af þessu kemur út fyrir jölin en í sumar verðum við með tvær barnabækur, fjórar fullkomnar sumarkiljur, og eina kilju í haust,“ segir Ásmundur.

## Ný bók eftir höfund Bréfsins

Nú er komin út næsta bók eftir Kathryn Hughes, sem ber heitið Leyndarmálið. Sögusviðið er norðurhluti Englands og gerist sagan árið 2016 og 1975.

„Beth leitar að svörum. Hún hefur aldrei vitað sannleikann um uppruna sinn, en nú getur það skipt sköpum fyrir veikt barn hennar. Þegar hún finnur fölnaða blaðaúrklippu í eigu móður sinnar áttar hún sig á að lykllinn



Ásmundur Helgason er bókaútgefandi hjá Drápu, þar sem koma út spennandi kiljur fyrir allan aldur að lesa í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI

um þennan klúbb eftirlaunaþega sem rannsakar morðmál,“ segir Ásmundur.

„Maðurinn sem dó tvisvar er það sem kallast upp á ensku „cosy crime“ eða notalegur krimmi, og hún er jafnfyndin og hún er spennandi. Líkin hrannast upp og klúbburinn þarf að finna morðingjann – en um leið koma við sögu stolnir demantar og ofbeldisfullur mafiói. Þessar tvær fyrstu bækur Osman hafa gersamlega gjörsigrað heiminn, og slegið sölumet í hverju landinu á fætur öðru.“

## Það sem gerist á bak við luktar dyr

Fjórdá kilja Drápu sem kemur út í sumar er ógnarspennandi.

„Undir yfirborðinu er algerlega magnaður sálfræðitryllir þar sem lesandinn veit ekki hverju hann á að trúá. Hver er að gaslýsa hvern?“, spyr Ásmundur furðu lostinn.

„Ung kona byrjar að vinna á ríkmannlegu heimili í New York við að sjá um heimilið. Fljótlega áttar hún sig á að húsmóðirin er ekki öll þar sem hún er séð; hún lýgur að henni um barnið, lýgur að mannum sínum og er hreinlega að gaslýsa heimilishjálpinu. Maðurinn hennar virðist gersamlega bugaður á ástandinu. Þau sem hrifust af bókinni Bak við luktar dyr sem kom út hjá Drápu fyrir sex árum ættu ekki að láta þessa fram hjá sér fara. Það er gersamlega ómögulegt að leggja hana frá sér!“

## Ísadóru Nótt og Lísa ofurhetja

Fyrir utan þessar fjórar frábæru kiljur koma tvær krakkabækur út hjá Drápu í sumar. Lísa og vinir hennar snúa aftur í Handbók fyrir ofurhetjur númer 7 og nú magnast spennan heldur betur!

„Þetta eru einstaklega vel heppnaðar bækur og ótrúlega flottar og vel fram settar. Svo er það hún Ísadóru Nótt. Í lok júlí kemur fimmta bókin um þessa skemmtilegu stelpu, sem er hálfur álfur og hálf vampíra. Bókin heitir Ísadóru Nótt lendir í vandræðum, enda er frænka hennar hún Mírabella í heimsókn, og það borgar sig ekki alltaf að hlusta á hana. Þetta er ekta krakkakilja fyrir sumarfríið,“ greinir Ásmundur frá.

## Meira í haust

Ásmundur segir gaman að segja frá því að Drápa gefur út nýja bók eftir Lyndu Cohen í lok ágúst, en Lynda skrifaði Hús tveggja fjölskyldna sem kom út 2018 og gekk mjög vel.

„Nýja bókin heitir Matchmaker's gift á frummálinu og gerist í New York á síðustu öld. Þetta er saga tveggja kvenna. Sara er fædd árið 1900 og tíu ára gömlu þegar hún parar saman fyrsta hjónabandið. Hún er með þá náðargáfu að sjá hvaða fólk á saman, og öll hennar sambönd halda. Abby, barnabarn Söru, er skilnaðarlögfræðingur, býr í New York um 80 árum síðar og trúir ekki á ástina. Saga þessara tveggja kvenna fléttast saman með eftirminnilegum hætti. Hvor um sig þarf að berjast fyrir sínu en tíðarandinn er ólíkur og glerþökin misþykk,“ upplýsir Ásmundur og heldur áfram:

„Þetta er yndisleg bók sem rígheldur manni allan tímann og við getum varla beðið eftir að hún komi út. Hún er í þýðingu hjá Ingunni og við erum að vinna eins hratt og við getum við að koma henni út. Að öllum líkindum verður Ísland fyrsta landið í heiminum sem gefur hana út.“ ■

Skoðið úrval sumarkilja hjá bókaútgáfunni Drápu á drapa.is



Sumarkiljur Drápu eru skemmtilegir ferðafélagar í sumarfríinu og líka til að lesa í ró og næði heima.

að framtíð sonar hennar er fölginn í... – nei, ég held ég segi ekki meir, nema hvað ég get upplýst að aðdáendur Bréfsins eiga von á góðu,“ segir Ásmundur og er afar leyndardómsfullur á svip.

## Angela Marsons

„Brotin bein er áttunda bókin sem við gefum út eftir Angelu Marson hér á landi. Það segir frá hinni harðsnúnu Kim Stone og liði hennar, sem fá tvö mál inn á borð til sín sama kvöldið. Ung vændiskona hefur verið myrt og kornabarn finnst yfirgefið þetta vetrarkvöld. Við tekur æsispennandi eltingaleikur við raðmorðingja, auk þess sem mál yfirgefna barnsins er ekki

eins einfalt og virðist í upphafi. Þetta er einfaldlega hörkuspennandi glæpasaga frá Angelu, þar sem spennunni er haldið fram á síðustu síðu,“ segir Ásmundur um æsispennandi sumarlestur.

## Er hægt að deyja tvisvar?

Fimmtudagsmorðklúbburinn eftir hinn heimspekta sjónvarpsmann Richard Osman kom út í fyrra og nú kemur út önnur bók



TÍSKAN TÍSKAN TÍSKAN

*Sale*

comma, comma, comma,

ÁRMÚLI 5

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

#### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupum bíla 25-250þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

### Bátar

**MARÁS**  
**TOHATSU**  
UTANBORÐSMÓTORAR



**JAPÖNSK GÆÐI!**

Léttir Kraftmiklir  
Fyrirferðalítillir Sparneytnir  
Hljóðlátir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær  
Sími: 555 6444 - www.maras.is

## Þjónusta

### Garðyrkja



**ÖLL ALMENN GARÐVINNA**  
Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu. Runnaklippingu, garðslátt, beðahreinsun, hellulagnir og háþrýstjívott. Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafid samband í 539-5098 eða á mah@mah.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**  
Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Gefins



Sófi og sófaborð fæst gefins, gegn því að vera sótt sem fyrst. Uppl. í s.892-9113

## Heilsa

## Heilsuvörur



Ábendingahappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**  
SÍMI 555-3464  
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

# Við leiðum fólk saman

hagvangur.is



**HÖFÐI**  
FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52  
108 Reykjavík  
Sími 533 6050  
Faxnr. 533 6055  
www.hofdi.is

### KVISTALAND 15 – 108 REYKJAVÍK.

**OPÍÐ HÚS - MIÐVIKUDAGINN 29. júní - milli kl.16:30 og 17:30**



**EINSTÖK EIGN - GLÆSILEGT EINBÝLI Á TVEIMUR HÆÐUM MED TÝVÖLDUM BÍLSKÚR Á ÞESSUM EFTIRSÓTTA STAÐ Í FOSSVOGI!**  
Glæsilegar innréttingar, verandir og heitur pottur. Um er að ræða vel smíðað og hannað einbýli. Efri hæðin er 162,7 fm. og neðri hæðin 151,1 fm., bílskúrin er 49,2 fm.  
Tvær íbúðir eru nú á neðri hæðinni, önnur 3ja herb. og hin 2ja herb.  
Einstök eign sem vert er að skoða nánar - Sjón er sögu ríkari. **Verð: TILBOÐ**

Allar nánari uppl. og skoðun veitir  
Jóhann Friðgeir, lgf. s: 896-3038  
eða á [johann@hofdi.is](mailto:johann@hofdi.is)

Jóhann Friðgeir  
Valdimarsson

**VERSLUNARTÆKNI** www.verslun.is

**geiri** www.geirihf.is

**VESTFRÖST** HOUSEHOLD

### Kæli & frystitæki

**OPÍÐ 24/7**

**Kælar**

**Kællir**

**Frystar**

**2 stærðir**  
800 ltr og 1000 ltr  
SD 801 - 800 ltr B.1000 mm  
SD 1001 - 1000 ltr B.1130 mm

**SD 420E** H:1980 B:578 D:605 - 338L - Kæling 4/+210°C - 5 hillur - Læsing - LED

**SD 430** H:1993 B:577 D:576 - 360 L - Kæling 0/+10°C - 5 hillur - Læsing - LED

**SD 417** H:1980 B:606 D:575 - 338 L - Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing

**SD 1001 og SD 801** H: 2020 B: 1000/1130 D: 70/22 Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing

**SC 311** St. (hxbxd) 865x1350 x520mm Kæling +2/+10°C

**SD 155** Stærð (hxbxd) 922x564x695mm Kæling -12/ -24°C

**SC 141** St. (hxbxd) 865 x 555 x 520 mm Kæling +2/ +10°C

**SC 211** St. (hxbxd) 865 x 865 x 520mm Kæling +2/ +10°C

**SD 305** Stærð (hxbxd) 905x950x695mm Kæling -12/ -22°C

**XS 802** Stærð (HxBxD) 858x2000x757 mm 700/510ltr Kæling -12/ -24°C

**XS 602** Stærð (HxBxD) 840x1457x757mm Kæling -12/ -24°C

**VERSLUNARTÆKNI** www.verslun.is

**geiri**

**STÓRELDHÚS**

Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - [verslun@verslun.is](mailto:verslun@verslun.is)

## EIGNAMÍÐLUN

**OPÍÐ HÚS**  
í dag 17:00-17:45



**Friggjarbrunnur 53** 113 Reykjavík

Lyftuhús + stæði í bílageymslu ↔ 100,7 fm ↔ 3ja herb.

**66.500.000**

Þórarinn M. Friðgeirsson  
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri  
[thorarin@mignamidun.is](mailto:thorarin@mignamidun.is)  
899 1882

Grensásvegur 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | [eignamidun.is](http://eignamidun.is)

# Stækkun biðflokks heldur ekki vatni



**Finnur Ricart Andrason**  
loftslagsfulltrúi  
Ungra umhverfis-  
sinna



**Þorgerður María Þorbjarnardóttir**  
situr í stjórn Land-  
verndar

Náttúran er það dýrmætasta sem við eigum. Við erum ekki æðri náttúrunni heldur erum við hluti af henni. Náttúran er undirstaða okkar tilveru og velsældar. Á þessu byggir frásinn „náttúran á ávallt að njóta vafans“. Þessar staðreyndir virðast oft gleymast í umræðunni og ákvarðanatöku um auðlinda-nýtingu og orkuframleiðslu. Nú þegar við stöndum frammi fyrir hnattrænni loftslagskrísu og mestu eyðileggingu vistkerfa í mann-kynssögunni er lausnin ekki að eyðileggja meiri náttúru. Svo einfalt er það!

**Ófagleg vinnubrögð og gölluð rök** Ríkisstjórnin náði sátt um hvernig ætti að afgreiða 3. áfanga ramma-áætlunar og keyrði hann í gegnum þingið á örskotsstundu rétt fyrir þinglok. Brugðið var frá því faglega mati sem verkefnahópur ramma-áætlunar lagði fram. Slíkt er ekki óeðlilegt enda kveða lögin á um að þingið megi leggja til breytingar. En þegar brugðið er frá þverfaglegu mati hlýtur að þurfa að standa vel að því.

Einn virkjanakostur var færður úr biðflokki í nýtingarflokk, fimm

voru færðir úr verndarflokki í bið-flokk, og þrjár nýtingarflokkir yfir í biðflokki. Rökin fyrir tilfærslunum eru veik; haldið er fram að verndar-gildi kunni að hafa verið ofmetið og látið er eins og vafi sé á um lög-mæti mats á einstaka kostum, þrátt fyrir að gögn frá ráðuneytinu segi annað.

Réttlætningar tilfærslanna halda einfaldlega ekki vatni. Þau svæði sem búið er að meta sem svo að þau eigi skilið friðlýsingu, á ekki að færa úr verndarflokki án þess að eitthvað nýtt hafi komið fram sem dregur verulega úr verndargildi svæðisins. En þetta var ekki raunin. Ef eitthvað er þá hefur verndar-gildið einungis aukist, þar sem sótt er harðar að náttúrunni með hverju árinu, bæði hérna á Íslandi og á heimsvísu. Þetta kemur skýrt fram í fjölmörgum skýrslum frá IUCN, IPBES, IPCC, WEF og fleiri alþjóðlegum stofnunum.

## Óásættanlegt að skýla sér á bak við skuldbindingar Íslands

Það að ná skuldbindingum og markmiðum Íslands í loftslags-málum er ekki gild afsökun fyrir því að færa virkjanakosti milli flokka. Loftslagsmálin snúast um svo miklu meira en orkuskiptin sem ná einungis til tæplega 12% losunar Íslands. Auðvitað þurfum við að losa okkur við jarðefnaelds-neytið, en það eru til svo miklu fleiri lausnir til þess heldur en að auka raforkuframleiðslu. Við þurfum nauðsynlega að auka ímynd-unarafið okkar og endurteikna mörkin sem við drögum utan um það sem við teljum raunhæft. Í stað þess að skipta út öllum bensín- og dísilbílum fyrir rafbílur ættum við að fækka bílum. Í stað þess að halda áfram að verja um 80% allrar raf-orku sem við framleiðum í stóriðju ættum við að veita henni í sjálf-bærari rafvegi. Það sama mætti segja um rafmyntagröft og svona mætti lengi draga upp mögulegar framtíðarsviðsmyndir.

Flestar þær sviðsmyndir sem hafa verið settar fram til þessa, til dæmis í Grænbók umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um stöðu og áskoranir Íslands í orkumálum, gera ráð fyrir að sam-félagið og hagkerfið okkar muni undirgangast mjög litlar breytingar og að þess vegna muni orkuþörfin aukast verulega. Þetta hefur verið gagnrýnt af hinum ýmsu sérfræð-ingum, svo sem Bjarna Bjarnasyni, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, og nýlega Ágústu Jónsdóttur, stjórnarmeðlim hjá Landvernd, með reiknihermi sem sýnir fram á að þær forsendur sem hafðar eru til grundvallar fyrir þessum spám eru vægast sagt ofmetnar.

## Breytum samfélaginu – ekki náttúrunni

Það að takast á við loftslagsvána á fullnægjandi hátt mun krefjast ýmiss konar breytinga. En þessar breytingar eiga ekki að fela í sér eyðileggingu á náttúrunni heldur breytingar í samfélaginu og hagkerfinu. Með náttúruna raunverulega í hjarta þurfa stjórnvöld að taka óvinsælar ákvarðanir. Þó að eyðilegging á náttúrunni skili auknu fjárhagslegu verðmæti undir núverandi hagkerfi, þá er hagkerfi heimsins að breytast og við verðum einungis uppvis að því að hafa pissað í skóna þegar fram líður, ef við gröndum meiri náttúru.

Höfundur þessarar greinar voru ekki svo heppin að fá að kynna ósnortnu náttúrunni á Vestur-öræfum áður en Kárahnjúkavirkjun sökkta svæðinu að stórum hluta. Það stingur í hjartað að hugsa til þess að við munum aldrei geta notið þess. Koma þarf í veg fyrir að fleiri ómetanleg náttúrusvæði verði eyðilögð. Framtíðarkynslóðir eiga ekki að þurfa að upplifa sömu sorg og við finnum fyrir gagnvart Vesturöræfum heldur eiga þær að fá að njóta þeirra náttúrugræna sem eftir eru á Íslandi um ókomna tíð. ■



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

### 1. Deiliskipulag - Austurvegur 67

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 22. júní 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Austurvegur 67, á Selfossi. Staðsetning lóðarinnar er við gatnamót Laugardælavegar og Austurvegar, austast á Selfossi og er stærð lóðar um 25.000 m<sup>2</sup>. Svæði deiliskipulags afmarkast af Laugardælavegi í austri Austurvegi í suðri en að öðru leyti að lóð Mjólkursamsölunnar að Austurvegi 65. Aðkoma að svæðinu er um Laugardælaveg með tveimur tengingum. Austurhluti svæðisins er skermað af með jarðvegsmönnum og trjáröðum, auk þess er það afgirt. Tildrög deiliskipulags eru fram komin vegna ört stækkandi byggðar Sveitarfélagsins Árborgar og vegna óhentugrar staðsetningar á núverandi hitaveitudælustöð, og hafa Selfossveitur ákveðið að hefja vinnu við að koma fyrir nýrri dælustöð fyrir hitaveitu á núverandi lóð Selfossveitna að Austurvegi 67 á Selfossi. Mun dælustöð þessi þjóna sem aðaldælustöð veitunnar ásamt því að fyrirhugað er að koma stjórnstöð Selfossveitna fyrir í sama húsnæði. Höfuðmarkmið deiliskipulagstillögunnar er að auka svigrúm uppbyggingar á lóð Selfossveitna til að auka afkastagetu og rekstraröryggi afhendingar á heitu vatni. Þá gerir tillagan ráð fyrir 4 byggingarreitum sem munu þjóna framkvæmda- og veitusviði, skipulags- og byggingardeild, ásamt þjónustumiðstöð Árborgar.

### 2. Deiliskipulag - Eyði-Sandvík (Beykiskógar)

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 22. júní 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir landspilduna Eyði-Sandvík Land 1. L203553, í Árborg. Tillagan tekur til rúmlega 9 ha lands og er gert ráð fyrir heimild til byggingar íbúðarhúss og bílskúrs allt að 400m<sup>2</sup> og gestahúsi allt að 80 m<sup>2</sup>, með mænishæð húsa allt að 5,5m. Þá verður heimilt að reisa útihús/skemmu allt að 600m<sup>2</sup>, með mænishæð allt að 8,0m. Aðkoma að landspildunni er af Votmúlavegi nr.310 og um nýja heimreið austan við Eyði-Sandvík. Tillagan gerði ráð fyrir að heiti deiliskipulags-svæðis verði framvegis Beykiskógar. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Árborgar 2010-2030 og einnig endurskoðað aðalskipulag Árborgar 2020-2036, sem er á lokavinnslustigi skipulagsferlis.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá **29. júní 2022 til og með 10. ágúst 2022.**

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til **10. ágúst 2022.**

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið [skipulag@arborg.is](mailto:skipulag@arborg.is)

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kærnanleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

**Virðingarfyllst,  
Rúnar Guðmundsson  
skipulagsfulltrúi Árborgar**

## AUGLÝSING UM SKIPULAG

Í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

### Aðalskipulagsbreyting Litlu-Tunguskógar

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 12. maí 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir Litlu-Tunguskóg í landi Húsafells III í Borgarbyggð.

Sett er fram stefna um að breyta landnotkun á 30 ha svæði innan frístundasvæðis F128 (Húsafell 2 og 3) yfir í íbúðarsvæði en frístundasvæðið er nú 98 ha að stærð en yrði 68 ha eftir breytinguna. Markmið tillögunnar er að heilsársbúseta verði möguleg á svæðinu og verða 40 frístundalóðum breytt í íbúðarhúsalóðir.

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Borgarbyggð.

### Deiliskipulag Litlu-Tunguskógar

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 12. maí 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Litlu-Tunguskóg í landi Húsafells III í Borgarbyggð.

Tillagan tekur til breytinga á skilmálum þar sem 40 lóðir fyrir frístundahús verða skilgreindar sem lóðir undir íbúðarhúsi. 14 lóðir austast á svæðinu verða áfram skilgreindar sem frístundalóðir. Aðrir skilmálar haldast óbreyttir. Aðalskipulagsbreyting er gerð samhlíða.

Ofangreindar tillögur eru aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is) frá 29. júní til og með 12. ágúst 2022. Ef óskað er eftir nánari kynningu á ofangreindum tillögum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við auglýstar skipulagstillögur og er frestur til að skila inn athugasemdum til 12. ágúst. Athugasemdum skal skila skriflega í Ráðhús Borgarbyggðar, Bjarnabraut 8, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@borgarbyggd.is](mailto:skipulag@borgarbyggd.is) eða [thjonustuver@borgarbyggd.is](mailto:thjonustuver@borgarbyggd.is)





Aðkoman að búðarborðinu á nýju sýningunni.

## Á slóðir Silla og Valda

arnartomas@frettabladid.is

Verslun Silla og Valda er viðfangsefni fræðslugöngu á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur annað kvöld. Þar mun Helga Maureen Gylfadóttir leiða gesti um miðbæ Reykjavíkur þar sem saga verslunarveldisins verður rakin.

Nýlenduverslun Silla og Valda var rekin í Aðalstræti 10 á árunum 1927 til 1975. Hún var í eigu Sigurliða Kristjánssonar og Valdimars Þórðarsonar sem áttu þegar mest lét einar tíu verslanir víðs vegar um Reykjavík. Þeir voru meðal annars þekktir fyrir nýstárlegar auglýsingar sínar í blöðunum og vísar yfirskrift göngunnar í kjörorð þeirra félaga: Af ávöxtunum skuluð þjer þekkja þá.

Nýlega var opnuð sýning í Aðalstræti 10 þar sem gestir geta kynnst fjölbreyttri sögu hússins. Þar stendur meðal annars til boða að upplifa aðkomuna að búðarborðinu hjá Silla og Valda. ■

**Þetta gerðist:** 29. júní 1613

## Globe-leikhúsið í London brann til kaldra kola

Þann 29. júní árið 1613 fór fram uppsetning á nýjasta verki Shakespeare um Hinrik VIII. í Globe-leikhúsinu í London. Leikhúsið var troðfullt og sýningin gekk vel framan af þar til að neisti barst úr fallbyssu sem hleypt var af á sýningunni. Þótt fallbyssan hafi



ekki verið hlaðin var notast við byssupúður til að framkalla hvellinn. Eldurinn barst leifturhratt um húsið og þótt enginn hafi látist þá brann húsið til kaldra kola. Leikhúsið var endurbýtt ári síðar á sama stað og starfrækt til ársins 1644 þegar það var rífið til að rýma fyrir íbúðarhúsnæði. ■



Friðjón segir nikkuna eina hljóðfærið sem geti eitt á báti haldið uppi heilu balli.

MYND/ADSEND

## Hljóðfæri gleðinnar

Það má búast við fögrum tónum á landsmóti harmónikuunnenda í Stykkishólmi á næstu dögum.

arnartomas@frettabladid.is

Fjórtaða landsmót harmónikuunnenda hefst í Stykkishólmi á morgun. Mótið í ár er tileinkað Hafsteini Sigurðssyni, tónlistarkennara og harmóniku-leikara í Hólminum, sem féll frá árið 2012.

„Þetta er nokkuð stór hópur,“ segir Friðjón Hallgrímsson, formaður Félags harmónikuunnenda í Reykjavík. „Það eru tíu félög sem senda fulltrúa á landsmótið sem koma fram og leika fyrir dansi, og síðan kemur ein hljómsveit frá Fuglafirði í Færeyjum. Þetta harmónikugengi er ansi samheldinn hópur.“

Friðjón segir viðburðinn sambærilegan við íþróttamót þótt ekki sé um keppni að ræða. Félögin senda einstaklinga eða sveitir sem koma fram og eftir tónleikana verða verðlaunaafhendingar og meira fjör. Aldurshópurinn er breiður þótt Friðjón segi hann því miður vera að eldast.

„Þetta er alveg frá þrjátíu og upp í níutíu,“ segir hann. „Ég hugsa að Villi Valli sé aldursforsetinn í hópnum í dag. Hann er kominn yfir níurætt en er enn í finu fjöri.“

### Allt innan handar

Það kann að skjóta skökku við að harmónikufélag frá Reykjavík standi fyrir viðburðinum í Stykkishólmi en Friðjón segir aðstöðu skorta í höfuðstaðnum.

„Það verður að vera hægt að labba á staðinn þar sem tónleikarnir eru svo folkið geti allt verið saman á tjaldestæði eða á hóteli,“ segir hann. „Það þarf að vera samheldni í hópnum sem næst ekki í Reykjavík, eða þess vegna Akranesi eða Borgarnesi. Tjaldestæðin eru bara allt of



Mótið stendur yfir frá 30. júní til 3. júlí.

MYND/ADSEND

langt frá íþróttahúsunum. Í Stykkishólmi er þetta allt innan handar.“

### Meira en bara hljóðfæri

Friðjón segist sjálfur vera frekar mikill nýgræðingur á nikkunni.

„Ég er ekki búinn að spila nema í fjórtíu, fimmtíu ár,“ segir hann og hlær. „Ég byrjaði ekki fyrr en ég var þrítugur.“

Aðspurður um hvað sé svona töfrandi við harmónikuna sem hljóðfæri segir Friðjón hana vera einstaka.

„Harmónikan er miklu meira en bara hljóðfæri, hún er eiginlega hljómsveit,“ segir hann. „Það er hægt að halda ball með einni harmóníku, það eru engin önnur hljóðfæri sem bjóða upp á þennan möguleika. Fyrir okkur harmónikuunnendur er hún hljóðfæri gleðinnar því hún sameinar fólk.“

En hvað með gítarinn?

„Ef það er góður maður með gítar

getur hann vissulega safnað að sér fólk. En hann þarf helst að hafa söngvara með sér sem er ekki nauðsynlegt með harmóníkuna þótt það skemmi auðvitað ekki fyrir. En það er önnur saga.“

### Greitt í rósun

Ein eftirminnilegasta harmónikusaga Friðjóns er með hátíðarívafi.

„Við vorum þrír sem fórum venjulega að spila fyrir jólin á elliheimilinu í Seljahlíð,“ segir hann. „Einu sinni komst einn okkar ekki með svo við fórum bara tveir. Þegar við komum upp eftir fengum við bara greitt í þremur jólarósun.“

Tvíeykið tók við rósunum þótt það vantaði þriðja manninn sem fékk jólarósina svo afhenta síðar meir.

„Hann var ansi hissa en ég útskýrði fyrir honum að við hefðum fengið rósir í laun fyrir að spila, en hann að launum fyrir að spila ekki.“ ■



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,  
**Sigríður O. Malmberg**

Brúnavegi 13,  
aður Otrateigi 6,

lést að heimili sínu að morgni 26. júní. Jarðsett verður í kyrri þey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á alheimersamtökin.

**Anna María Malmberg**  
**Oddur Malmberg** **Susan E. Gollifer**  
**Halldór Björn, Oddur Máni**  
**Herta Sól, Marina Embla**  
langömmustrákar  
**Ólóf Oddsdóttir**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,  
**Skarphéðinn Jónas Olgeirsson**

Laugarbrekku 13, Húsavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 24. júní. Útför fer fram frá Húsavíkurkirkju mánudaginn 4. júlí klukkan 14.

**Kristjana Vilborg Ketilsdóttir**  
**Karólína Skarphéðinsdóttir**  
**Róbert Ragnar Skarphéðinsson**  
**Katla Sóley Skarphéðinsdóttir**  
**Jóna Rún Skarphéðinsdóttir**  
og afabörnin.  
**Sigmar Stefánsson**  
**Ágústa Pálsdóttir**  
**Kenneth Froholdt**



Kær bróðir okkar, mágur og frændi,  
**Ásgeir Guðmundsson**  
sagnfræðingur,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 15. júní. Útför fer fram frá Neskirkju við Hagatorg 1. júlí kl. 13.

**Guðlaug Þ. Guðmundsdóttir**  
**Jóhanna E. Guðmundsdóttir**  
**Guðný Guðmundsdóttir**  
**Flosi Guðmundsson**  
**Svanhildur Guðmundsdóttir**  
og frændsystkin.  
**Magnús J. Matthiasson**  
**Ársæll Baldvinsson**  
**Hermann Guðmundsson**



Minn ástkæri betri helmingur, faðir okkar, sonur, bróðir og mágur,  
**Jóhann Pétursson**  
Ægisgötu 28, Akureyri,

lést 24. júní. Útför hans verður frá Akureyrarkirkju mánudaginn 4. júlí kl. 13.

**Valrún Helga Magnúsdóttir**  
**Heiðar Gauti Jóhannsson**  
**Lilja Katrín Jóhannsdóttir**  
**Gunnborg Petra Jóhannsdóttir**  
**Gunnborg Hugrún Gunnarsdóttir**  
**Hólmfríður Björk Pétursdóttir**  
**Pétur Heiðar Sigurðss.**  
**Þorvaldur Örn Arnars.**

# Blaðið með bollanum



## Taktu Fréttablaðið með í fríð

Fréttablaðs-appið gerir þér kleift að  
lesa blað dagsins í snjalltækinu þínu.  
Hvar sem er, þegar þér hentar.

Sæktu appið hér



Opnaðu myndavélina í símanum  
og skannaðu QR kóðann

# Með þér í sumar

**698**

kr./pk.



**Fersk kirsuber**

500 g  
Spánn

**298**

kr./pk.



**Iceman ísmolar**  
2 kg

**698**

kr./pk.



**Driscoll jarðarber**  
454 g  
USA

**259**

kr./kg



**Kartöflur**  
í lausu  
Frakkland

**Ný uppskera**

**398**

kr./pk.



**Bónus Lambhagablanda**  
125 g

# BÓNUS



**279**

kr./pk.



Caramel  
8 stk.

32 stk.



Prins póló  
kassi

**1.359**

kr./pk.



Yankie  
50g

**98**

kr./pk.

**98**

kr./stk.



Egils sumarmix  
330 ml

**298**

kr./pk.



Rema ískaffi  
1ltr

Ódýrstu  
kjúklinga-  
bringurnar  
í Bónus

**1.498**

kr./pk.



Frosnar kjúklingabringur  
900 g  
Danmörk



Stökkir kjúklingafingur  
350 g

**998**

kr./pk.

**398**

kr./pk.



Myllu hvítt samlokubrauð  
770 g

**359**

kr./pk.



Myllu pizzasnúðar  
8 stk.

**129**

kr./pk.



Myllu smash style  
hamborgarabrauð  
2 stk

**259**

kr./stk.



Bónus nýbökuð tebolla

**1.998**

kr./kg

6 sneiðar  
í pk.

Íslandslamb  
lambagrillpakki



Sama verð  
og í fyrra

## Dagskrá

## Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Hafnir Íslands (e)** Heimildabættir um hafnir Íslands og samfélög hafnarbyggða, þættirnir eru frá 2017 og voru í umsjón Lindu Blöndal og Friðþjófs Helgasonar.
- 19.30 Veiðin með Gunnari Bender (e)** Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
- 20.00 Sir Arnar Gauti** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Hafnir Íslands (e)**

## RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.15 Pólland - Ísland** Bein útsending frá landsleik Póllands og Íslands. Leikurinn er liður í undirbúningi kvennalandsliðsins fyrir EM í fótbolta sem hefst 6. júlí.
- 15.30 Sumarlandabrot**
- 15.35 Sumarlandinn**
- 16.05 Sögur frá landi**
- 16.35 Nýjasta tækni og vísindi**
- 17.00 Orlofshús arkitekta**
- 17.30 Orðbragð**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Tölukubbar**
- 18.06 Hróturinn Hreinn**
- 18.13 Lundaklettur**
- 18.20 Skotti og Fló**
- 18.27 Lestrarhúttí**
- 18.34 Sjóræningjarnir í næsta húsi**
- 18.45 Lag dagsins** Vök - Spend the Love.
- 18.52 Vikinglottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Sumarlandabrot**
- 19.45 Keramik af kærleika. Dreja - en kærlekshistoria**
- 20.15 Fiskur á disk - Lax Fisk & Skips**
- 21.00 Versalir. Versailles**
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Lífið í Írak. Once Upon a Time in Iraq**
- 23.20 Fangar** Sorgin grúfir yfir fangelsinu en loks sýður hressilega upp úr í eldhúsinu.
- 00.10 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.00 How We Roll**
- 15.25 Ræktum garðinn**
- 16.30 Spin City**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 Kenan**
- 19.40 The Neighborhood**
- 20.10 George Clarke's Old House, New Home**
- 21.05 Chicago Med**
- 21.55 Rules of the Game** Bresk spennuþáttaröð. Þegar Maya tekur við sem mannauðsstjóri hjá Fly reynir hún að innleiða nýja vinnustaðamenningu.
- 22.55 Love Island**
- 23.40 The Late Late Show**
- 00.25 Tell Me a Story**
- 01.10 The Rookie**
- 01.55 Impeachment**
- 02.40 The L Word. Generation Q**
- 03.30 Love Island**

## Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.20 Shipwrecked**
- 10.05 Manifest**
- 10.50 Matargæði Evu**
- 11.10 Freddie Flintoff. Living with Bulimia**
- 12.05 Um land allt**
- 12.35 Nágrannar**
- 13.05 The Great British Bake Off**
- 14.00 Gulli byggir**
- 14.40 Flúr & fólk**
- 15.05 Framkoma**
- 15.40 Múslimarnir okkar**
- 16.20 The Cabins**
- 17.05 Last Week Tonight with John Oliver**
- 17.40 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakkinn**
- 18.50 Æði**
- 19.10 Backyard Envy**
- 19.50 The Good Doctor**
- 20.35 Coroner**
- 21.20 Unforgettable**
- 22.00 The Sinner**
- 22.45 Girls5eva**
- 23.15 NCIS**
- 23.55 Animal Kingdom**
- 00.40 The Mentalist**
- 01.20 Shipwrecked**
- 02.10 Manifest**
- 02.50 The Great British Bake Off**
- 03.50 The Cabins**

## Fiskurinn á stökki í Urriðafossi

Það vantar ekki áhugann á veiði af öllu tagi í tilvikum Gunnars Bender sem þeysist um landið allt til að taka mann og annan tali, ekki síst þá fengsælustu sem kunna að lesa í iðuna. Veiðin með Gunnari Bender er heiti þáttar sem nú rennur um skjái Hringbrautar – og að þessu sinni er kappinn staddur við ósa Þjórsár þar sem fiskurinn er á stökki í boðaföllum Urriðafoss.



## Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

## LÁRÉTT

- 1 háð  
5 greip  
6 neyti  
8 klaufaskapur  
10 tveir eins  
11 eflidi  
12 nasl  
13 hemur  
15 mótlæti  
17 starf

## LÓÐRÉTT

- 1 súlur  
2 skaut  
3 kúga  
4 söngrodd  
7 dyntur  
9 fúslega  
12 bjó að  
14 eldsneyti  
16 kvik

LÁRÉTT: 1 sport, 5 tók, 6 etl, 8 ólagnt, 10 ll, 11 jók, 12 nart, 13 agar, 15 rannir, 17 stada.  
LÓÐRÉTT: 1 stópar, 2 póll, 3 oka, 4 tenór, 7 tiktúra, 9 gjarma, 12 naut, 14 gas, 16 íð.

## Sudoku

	4			2	8		6	1
							2	5
9		3					7	8
7				8	2			6
		5	3				8	
	6			5	7			
8				4				9
1								
	3	6		1				

6			7	5				
				8		1		
				3				
	9			7		2	8	
2	6		4					
8			2				3	
			3			7		5
4		1	6				9	
		6		9		1		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus



Eftir Frode Øverli



## FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Miðvikudaginn 6. júlí kemur út sérblaðið

## EM kvenna í fótbolta

Stelpurnar okkar munu keppa fyrir hönd Íslands á Evrópumótinu sem hefst sama dag og sérblaðið kemur út.

Þetta blað verður stútfullt af upplýsingum um íslenska liðið, liðin og leikmennina, ásamt ýmsum fróðleik um mótið. Áfram Ísland!

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúa  
Sími: 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

# Allt fyrir útileguna



Vango Nevis 100  
Eins manns göngutjald. 1.7kg  
**27.995,-**



Vango Helvellyn 200  
2 manna göngutjald. 2.7kg  
**41.995,-**



Vango Scafell 200  
2 manna göngutjald. 2.5kg  
**35.995,-**



Hilleberg Nallo 2GT  
2 manna göngutjald. 2.9kg  
**192.995,-**



Vango Winslow II 500  
5 manna fjölskyldutjald  
**69.995,-**



Vango Osiris 500 Air  
5 manna fjölskyldutjald. AIRBEAM  
**165.995,-**



Vango Alpha 300  
3 manna fjölskyldutjald  
**30.995,-**



Vango Beta 350 XL  
3 manna fjölskyldutjald  
**50.995,-**



Vango Malibu stóll  
Burðargeta 120 kg  
**7.995,-**



Robbens Observer  
Burðargeta 120 kg  
**25.995,-**



Vango Balmoral Stool  
Burðargeta 100kg  
**2.995,-**



Vango Nitestar 350  
Fíberpoki. Þægindamörk -1 til -7 °C  
**14.995,-**



Outwell Katla Heater  
Rafmagnshitari. 1/1.5 kW  
**11.995,-**



Klymit Static V  
6cm göngudýna  
**14.995,-**



Outwell Appetizer 1 Burner  
Gaseldavél. ein hella  
**8.495,-**



Outwell Olida Stove  
Gaseldavél. Tvær hellur  
**22.995,-**



Klymit Insulated Static V  
6 cm göngudýna. Einangruð  
**20.995,-**



Vango Comfort 7.5 single  
7.5 cm tjaldýna  
**18.995,-**



Easy Camp Chilly 24L  
Kælibox. 24L. Rafmagns 12V  
**24.995,-**



Mammut Nordic Down Spring  
Dúnpoki. Þægindamörk 6 til -1 °C  
**52.995,-**



Everest

# Reacher snýr Harry Potter niður

Amazon.co.uk hefur birt lista yfir mest seldu bókaflokkana þar frá upphafi. Jack Reacher trónir á toppnum sem kemur útgefanda hans á Íslandi ekki á óvart. Anægja er líka í íslenskum herbúðum löggættarans Kim Stone sem er í 4. sætinu, fyrir ofan sjálfan Harry Potter.

toti@frettabladid.is

Amazon.co.uk hefur birt lista yfir mest seldu bókaflokkana frá upphafi hjá Bretlandsútibúi sínu .co.uk og þar vekur helst athygli að harðhausinn Jack Reacher trónir á toppnum. Útgefandi bóka Angelu Marsons um Kim Stone er hæstánægður með sínar konur í 4. sætinu enda fyrir ofan sjálfan Harry Potter sem þarf að gera sér 5. sætið að góðu.

Bækurnar um Reacher hafa notið stöðugra vinsælda frá því sú fyrsta, Killing Floor, kom út 1997 og flokkurinn hefur þegar getið af sér tvær miðlungsgóðar bíómyndir með Tom Cruise í titillutverkinu og feykivinsæla þáttaröð sem sló nýlega svo hressilega í gegn á Amazon Prime að þegar er byrjað að huga að óhjákvæmilegu framhaldi.

Sjálfsagt hafa vinsældir Reacher-þáttanna keyrt upp söluna á bókunum undanfarið en fyrsta þáttaröðin byggði nokkuð nákvæmlega á Killing Floor, en fyrst og fremst þykir þó frammistaða leikarans Alan Ritchson hafa tryggt vinsældirnar



Reacher er ofjarl flestra og sjálfur Harry Potter, með sínar sjö bækur, hefur ekki roð við honum þegar hann hnyklar 26 bóka vöðvana. MYND/AMAZON



Rowling nær 5. sæti á heimavelli.

sons á toppinn hafi verið þyrnum stráð. „Henni gekk alls ekki vel að fá sína fyrstu bók gefna út. Hún skrifaði meðfram vinnu, sem hún svo missti og var farin að fá lánaða peninga hjá fjölskyldu sinni og búin að missa húsnæðið þegar símtalið kom loksins.

Eftir ótal bréfrá útgefendum sem öll innihéldu orðin „... en því miður ...“ kom loks símtalið sem breytti öllu. Nýstofnað forlag, Bookouture, bauð henni samning og síðan hafa komið út sautján bækur um Kim Stone.

## Harry og Harry

Kunnugleg nöfn fylgja síðan í kjölfar Harrys Potter en Kiddi klaufi með sínar dagbækur er í 6. sæti og ofbeldisorgiur George R. R. Martin, kenndar við A Song of Ice and Fire eða bara Game of Thrones í seinni tíð eftir að sjónvarpsþættirnir slógu í gegn.



Það kemur mér satt að segja ekki á óvart að bækurnar um Jack Reacher tróni á toppnum.



Egill Örn er sáttur útgefandi Reachers.

Terry Pratchett kemur næstur með sinn Discworld-flokk og í 9. sæti er bandaríski glæpasagna-kóngurinn Michael Connelly með bókaflokkinn um rannsóknarlögguna Harry Bosch sem hann kynnti til leiks í The Black Echo 1992 en 24. bókin, Desert Star, kemur út í nóvember. Connelly er líklegur til þess að herða róðurinn í bóksölu á næstu misserum en þættir byggðir annars vegar á Bosch-bókunum og Lincoln Lawyer hins vegar, eru að gera það gott á veitum Amazon og Netflix.

Lestina rekur síðan sá fornfrægi rithöfundur Jeffrey Archer með The Clifton Chronicles en hann á að baki fjölda bóka, sakaferil og setu á breska þinginu.

Amazon greinir einnig sölu einstakra Harry Potter bóka þar sem Viskusteinninn er mest seldur, þá Leyniklefinn og Eldbikarinn en Fanginn frá Azkaban rekur lestina. Og til þess að rétta hlut drengsins sem lifði af, þá er nokkur skörun milli lista Amazon í Bretlandi og Nielsen BookScan sem telst til að allar sjö Harry Potter bækurnar, auk Harry Potter og bölvunar barnsins og fleiri tengdar bækur hafi selst í 41,6 milljónum prentaðra eintaka í Bretlandi.

Þá eru allar Harry Potter bækurnar sjö á listanum yfir tólf mest seldu bækur allra tíma, með samanlagt 19,6 milljón eintök á móti 15,3 milljónum eintaka af Reacher bókum. ■



Angela Marsons ryður Kim Stone bókunum út við miklar vinsældir.

enda hefur hann, ólíkt Cruise, líkamsburði til þess að standa undir persónu Reachers.

## Kemur ekki á óvart

„Það kemur mér satt að segja ekki á óvart að bækurnar um Jack Reacher tróni á toppnum, enda verið óhemjuvinsæll um langt skeið,“ segir Egill Örn Jóhannsson, hjá Forlaginu, sem hefur gefið Reacher út á íslensku um árabíl.

„Aðdaendum Reachers heldur áfram að fjölga um allan heim og seljast bækurnar um herlög-regluna fyrrverandi í bílförnum í öllum heimsálfum og Ísland er þar engin undantekning. Fyrir örfáum vikum gáfum við út nýjan Reacher á Íslandi sem rauk strax í efstu sæti allra metsölulista, líkt og verið hefur með nær allar bækurnar um Reacher sem Forlagið hefur gefið út.“

Breskar rannsóknarlöggur eru frekar til fjörsins í efstu sætunum og þannig stimplar hinn „ótrúlega myndarlegi“ aðalvarðstjóri Maxwell Ryan sig inn á eftir Reacher. Hann leysir sakamál ásamt konunni sinni, henni Önnu, í því sem er lýst sem rómantískum spennu-tryllum í bókaflokknum The DCI Ryan Mysteries.

## Kindle-drottningin

Louise Ross skrifar undir höfundar-nafninu LJ Ross. Hún er 37 ára og starfaði sem lögmaður áður en hún gerðist rithöfundur og hefur frá



Ásmundur í Drápu veðjaði á réttan móturfák í Kim Stone.



2015 skrifað átján bækur um Ryan sem hún ákvað frá upphafi að gefa út sjálf og nýtti sér rafbókaformið til þess að sneiða hjá útgefendum og hefðbundnu ferli. Þetta virkaði svo vel að hún er kölluð Kindle-drottningin og hefur selt meira á Amazon í Bretlandi en J.K. Rowling.

Bækur Peter James um rannsóknarlögguna Roy Grace eru næstar á lista, en Roy hefur látið að sér kveða í bresku sakamálaþáttunum Grace þar sem John Simm fer með titillutverkið.

Hin mjög svo afkastamikla Angela Marsons er í fjórða sæti með bækur sínar um rannsóknarlögregluforingjann Kim Stone, sem njóta gríðarlegra vinsælda víða um heim, ekki síst á Íslandi.

## Kim reykspólar af stað

„Angela Marsons var einn af fyrstu höfundum sem Drápa gaf út, og í raun fyrsta glæpaserían okkar,“ segir Ásmundur Helgason, útgefandi Kim Stone á Íslandi. „Þrjár vinkonur okkar höfðu samband í sama mánuðinum og bentu allar á Angelu og að bækur hennar þyrftu að koma út á íslensku.

Síðan hafa komið út átta bækur hér á landi og Angela á trausta aðdaendum á meðal íslenskra lesenda. Aðalpersóna bókanna, Kim Stone, er ekki þessi venjulegi þunglyndi og drykkfelldi lögregluþjónn heldur töffari dauðans sem þeysist um á mótörhjólum en er kannski ekki sú flinkasta í mannlegum samskiptum.“

Ásmundur bendir á að leið Mar-

## HVALFJARÐAR SVEIT



### Melahverfi útivistarsvæði

Hvalfjarðarsveit óskar eftir tilboðum í að byggja upp útivistar- og samkomusvæði fyrir þéttbýlið í Melahverfi. Verkið skal unnið í tveimur áföngum, sem unnir eru hvor á eftir öðrum. Fyrri áfangi skal unninn árið 2022 og verklok seinni áfanga skal skila 15.06.2023.

Helstu verklíðir eru jarðvinna, lagnir, rafkerfi, mannvirki, frágangur yfirborðs, gróður og leiktæki.

Verkið skal vinna samkv. útboðs- og verklýsingu, ásamt þeim gögnum sem þar er vísað til.

Gögn verða send bjóðendum.

Senda skal póst á hvalfjarðarsveit@hvalfjarðarsveit.is og tilgreina netpóst sem gögnin verða send á.

Tilboði skal skilað í síðasta lagi kl 11.00 miðvikudaginn 3. ágúst 2022.



ICEWEAR  
50 ÁRA  
síðan 1972

# FJÖLSKYLDUGANGA ICEWEAR Á ÚLFARSFELLIÐ NORÐANMEGIN

## Hreyfum okkur saman!

Komdu með í fjölskyldugöngu upp Úlfarsfellið í dag milli klukkan 17:00 og 19:00

- Grillaðar pylsur og svalandi drykkur þegar niður er komið (kvöldmatnum reddað)
- Gjafapoki á meðan birgðir endast (200 pokar í boði)
- Tónlist og góð stemning

Hittumst í rjóðrinu við Úlfarsfellið, norðanmegin.  
Keyrt er upp með slökkvistöðinni, upp Skarhólabrautina

Hlökkum til að sjá sem flesta  
Allir velkomnir!

## ÚTIVIST OG ÁNÆGJA Í 50 ÁR



# SUMAR útsala

**NATURES LUXURY**  
heilsurúm

**25%  
AFSLÁTTUR**

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld. 20 cm háir pokagormar sem eru svæðaskiptir, mýkri á mjöðmum og öxlum til að halda náttúrulegri sveigju í líkama okkar á meðan við sofum. Samansett úr 5 lögum af mismunandi svampi með 4 cm minnisvampi sem aðlagast fullkomlega að líkamanum. Til í fleiri stærðum.

160x200 cm  
Fullt verð: 164.900 kr.  
Nú **136.175 kr.**

**50%  
AFSLÁTTUR**

**DANADREAM**  
Ergo magic dúnkoddi með innri kjarna úr minnisvampi.  
Fullt verð: 14.900 kr.  
Nú **7.450 kr.**

**S.BEDDING**  
Dúnsæng. 1300g 85% smáfiður og 15% hreinn andardúnn. 135 x 220 cm. Fullt verð: 14.900 kr.  
Nú **7.450 kr.**

**30%  
AFSLÁTTUR**

**CANNES**  
hægindastóll með skammel  
Hægindastóll og skammel. Saddle, grátt, svart eða rautt PVC áklæði. Verð 199.990 kr. Nú **139.993 kr.**

Opið á sunnudögum á Smáratorgi 13-17



Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

**DORMA**  
Láttu drauminn ræstast



Hvanndalsbræður fagna tuttugu ára afmæli í haust og ætla að tapa á hringferð um landið áður en þeir troða upp á stórtónleikum í Hofi á afmælisdaginn, 1. október.

MYND/ÞESEN

## Mjög óvænt komst útlitið á okkur í tísku

Hinir norðlensku Hvanndalsbræður hafa starfað saman í aldarfimmtungu í haust og það kom aldrei annað til greina en að halda upp á tímamótin með spili og söng.

ser@frettabladid.is

Það er ekki leiðindunum fyrir að fara þegar Hvanndalsbræður birtast á sviði, hvort heldur það er á heimaslóðunum á Tröllaskaga eða annars staðar á landinu fagra, enda taka þeir sig engan veginn alvarlega – og eru alla jafnan til alls líklegir þegar þeir telja í lögin sín ljúfu.

„Við vorum nú bara tríó til að byrja með,“ segir Rögnvaldur Bragi af talsverðri hógværd og minnst haustsins 2002, altsó fyrsta dags október það ár, þegar þremmingarnir komu fyrst saman. Þar hélt Valur Freyr Halldórsson um kjudana og Sumarliði Hvanndal plokkaði bassann, en sjálfur var Rögnvaldur á kassagítar – og er enn.

### Dægurlagapönkari um skeið

En hann átti sér fortíð, þó ekki skuggalega, en skrytna. „Ég varð náttúrulega fyrst kunnur af spilerí í dægurlagapönksveitinni Húfu“ rifjar hann upp, en það var á meðan hann bjó í Reykjavík, en pönksveitin sú arna var harla harðkjarna, þótt húmorinn hafi nú yfirleitt sviðið yfir sviði.

Þetta var á niunda áratugnum og Rögnvaldur gekk þá vanalega undir nafninu Rögnvaldur gáfaði, sem þótti fara honum vel. „En að eigin mati og svo margra annarra var þetta þverstæða veruleikans,“ viðurkennir hann loksins um miðjan aldur. „Svo ég er löngu hættur svona fíflalátum, enda orðinn ráðsettur og þroskaður maður,“ segir

hann, en hvunn dags starfar kappinn sem yfirmaður þvottahússins á elliheimilinu Hlíð á Akureyri – og er þar af leiðandi vel búinn undir efri árin.

### Við erum líka á guðs vegum

Hvanndalsbræður voru ekki lengi bara tríó heldur hafa þeir meira en helmingast að stærð í seinni tíð, en fyrst bættist mandólínleikarinn Pétur Hallgrímsson við sveitina, ásamt Valmari Völjaots sem er ekkert minna en höfuðsnillingur á fiðlu og harmóniku „og þaulvanur kirkjuorganisti, svo við erum líka á guðs vegum,“ skýtur Rögnvaldur inn í samtalið.

Loks kom hljómborðsleikarinn Arnar Tryggvason við sögu sveitarinnar, „ásamt reyndar Gunnari Sigurbjörnssyni hljóðmanni sem er fullur meðlimur, þó ekki drukkinn, en það er engin stéttaskipting innan Hvanndalsbræðra,“ bætir Rögnvaldur við, eitt sinn gáfaður.

### Vildum vera hallærislegir

Hann segir nafngift sveitarinnar eiga sér sögu. „Okkur langaði í virkilega hallærislegt nafn og ég held það hafi tekist,“ og svo bætir hann því við að búningar sveitarinnar hafi verið einstaklega þúkalegir í byrjun, af ráðnum hug. „Við klæddumst lopapeysum með flókhatta úr þæfðri ull á höfði, en það átti að slá út allt í fáránleika, en viti menn, svo komst þetta bara í tísku um allt land,“ segir hann og getur ekki varist brosi.

Ög hann minnst þess líka að þeir hafi beinlínis grætt á nafngift flokksins. „Blessaður vertu, í einu hléinu á tónleikum okkar komu öldruð hjón að máli við okkur, heldur óhress með spilið okkar, en þau héldu að þau væru að fara á



Við klæddumst lopapeysum með flókhatta úr þæfðri ull á höfði, en það átti að slá út allt í fáránleika, en viti menn, svo komst þetta bara í tísku um allt land.

tónleika með Álfstagerðisbræðrum. Þau höfðu eitthvað ruglast á bræðrum, sum sé,“ segir Rögnvaldur og brosir enn þá stórum.

### Halda í tap-tónleikaröð

Afmælistónleikarnir verða í Hofi á fæðingardaginn, 1. október 2022, en í aðdraganda þeirra ætla Hvanndalsbræður að fara í svokallaða tap-tónleikaferð um landið. „Við reiknum með að tapa á allri þeirri tónleikaröð,“ útskýrir Rögnvaldur, en spilað verður bara á litlum stöðum sem sveitin hefur ekki troðið upp á til þessa, helst í litlum sölum eins og Tehúsinu á Egilsstöðum og Beituskúrnum í Neskaupstað, en þaðan verður haldið suður á leið uns hringnum verður lokað í heimahöfninni á Akureyri.

„Við erum alvanir – og þótt margir okkar tónleika hafi vissulega verið verri en aðrir, þá verðum við á hinum endanum í haust,“ segir Rögnvaldur Bragi Rögnvaldsson. ■

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

**„fyndnasta mynd ársins„**

-variety



ILLUMINATION KYNNIR

# SKÓSVEINARNIR

GRU RÍS UPP

**komin í bíó**

HÁSKÓLA BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ  
BARA LÚXUS

ALFABAKKI  
SAMBÍÓN

SAMMÓNN  
EGILSHÖLL

KRINGLAN  
SAMBÍÓN

SMÁRA BÍÓ

AKUREYRI  
SAMBÍÓN

KEFLAVÍK  
SAMBÍÓN

Bíohúsið

### Bakþankar

Önnu Sigrúnar  
Baldursdóttur



### Nýtni

Í allsnægtum nútímans er stundum erfitt að meta einfaldleikann og gildi hlutanna. Það er auðvitað fráleitt hvernig gæðum heimsins er misskipt og sorglegt þegar þau okkar sem njótum meiri partsins kunnum ekki að meta það. Fyrst er auðvitað að muna að sóun verðmæta er hástig plebbisma. Að hlaða á diskinn á hlaðborði og svo bara pota í matinn og skila fullum diskni er rugl. Það er heldur bara ekkert smart við að drekka Dom Perignon á mánudegi, því hvernig í ósköpunum á þá að vera hátíðlegt að skála í slíkum guðaveigum við viðeigandi tækifæri? Það eru um það bil engar ástæður til að fara ekki bara vel með það sem þér áskotnast.

Nýtni er sjálfsögð og snýst líka um samhengið og tilefnið. Allir þekkja það að sumt bragðast dásamlega við tiltekna aðstæður, en alls ekki aðrar. Fáir skella til dæmis í fulla jólamáltíð með orabaunum og öllu saman um há-grilltímann. Eins eru fáir sem drekka sangríu á gamlárskvöld. Að þessu ætti maður að huga þegar maður lítur yfir „útrunnið“ í eldhússkápunum og ætlar að henda. Reyndar ætti aldrei að trúá slíkum fullyrðingum um þurrvöru, enda fráleitt að tveggja milljón ára saltið úr Himalayafjöllum sem ég fann í eldhússkápnunum hjá mér renni út í júlí á næsta ári.

Á göngu um Hornstrandir hitti ég ungt par sem hafði það fyrir reglu að fara í sumar-bústaðinn og hreinsa upp útrunna þurrvöru þar og hafa með sér í fjallgöngur. Það er heillaráð. Tveggja ára tómatsúpa frá Toro er nefnilega lostæti á Látrabjargi. ■



**pappír  
umhverfið  
prentun**



**LITRÓF**

UMHVERFISVÆN  
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík  
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is



# Áfram Ísland!